

Svansvottun á  
**ræstingapjónustu**



Útgáfa 2.3 • 17.mars 2009 – 30. júní 2016



Norrænt umhverfismerki

# Innihald

<b>Hvað er Svansvottuð ræstingapjónusta?</b>	<b>3</b>
<b>Af hverju að velja Svansvottað?</b>	<b>3</b>
<b>Hvað getur verið Svansvottað?</b>	<b>3</b>
<b>Hvernig á að sækja um?</b>	<b>4</b>
<b>Hvaða kröfur ber að uppfylla til að fá Svansvottun?</b>	<b>5</b>
<b>1 Almennar kröfur til umsækjenda</b>	<b>6</b>
<b>2 Kröfur um efnavöru</b>	<b>6</b>
<b>3 Kröfur um akstur og/eða flutninga</b>	<b>10</b>
<b>4 Kröfur um sorphirðu</b>	<b>12</b>
<b>5 Notkun umhverfismerktrar vöru</b>	<b>13</b>
<b>6 Samantekt stiga</b>	<b>15</b>
<b>7 Gæði þjónustunnar</b>	<b>16</b>
<b>8 Siðfræði/vinnuumhverfi og umhverfis- og gæðastjórnun</b>	<b>17</b>
<b>Markaðssetning</b>	<b>20</b>
<b>Hönnun Svansmerkisins</b>	<b>20</b>
<b>Eftirlit til eftirfylgni</b>	<b>21</b>
<b>Endingartími leyfis/vottunar</b>	<b>21</b>
<b>Ný viðmið</b>	<b>21</b>
<b>Útskýring hugtaka</b>	<b>22</b>

Viðauki 1 Eftirlit, útskýringar og leiðbeiningar, 4 blaðsíður

Viðauki 2 Efnavara notuð í þrifum

Viðauki 3 Efnavara og hráefni (O5)

Viðauki 4 Umhverfis- og gæðastjórnun, 4 blaðsíður

Viðauki 5 Skjalfesting fyrir kröfu O14

Viðauki 6 Innihald í óumhverfismerkttri efnavöru

Viðauki 7 Markaðssetning Svansvottaðrar ræstingapjónustu

Viðauki 8 Þýðingarlykill GHS

076 Ræstingapjónusta, útgáfa 2.3, 9. október 2012

Þetta skjal er þýðing á upprunatexta sem er á dönsku. Ef upp kemur ágreiningur skal upprunalegi textinn gilda.

## Heimilisföng

Árið 1989 ákvað Norræna ráðherranefndin að stofna valfrjálst opinbert umhverfismerki sem nefnist Svanurinn. Neðangreind samtök/fyrirtæki sjá um rekstur Svansins í umboði stjórnvalda í hverju landi. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunum.

### Danmörk

Miljömærkning Danmark  
Fonden Dansk Standard  
Kollegievej 6  
DK-2920 Charlottenlund Sími: +45  
72 300 450 Fax: +45 72 300 451  
Netfang: info@ecolabel.dk www.  
ecolabel.dk

### Svíþjóð

Miljömærkning Sverige AB  
SE-118 80 Stockholm  
Sími +46 8 55 55 24 00  
Fax +46 8 55 55 24 01  
Netfang: svanen@ecolabel.se  
www.ecolabel.se

### Noregur

Miljømærkning  
Tordenskjolds gate 6 B  
NO-0160 Oslo  
Sími +47 24 14 46 00  
Fax: +47 24 14 46 01  
Netfang: info@svanemerket.no  
www.svanemerket.no

### Finnland

Miljömærkning FinlandBox 489  
FIN-00101 Helsinki  
Sími: +358 424 2811 Fax: +358 424  
281 299 Netfang: joutsen@motiva.  
fi www.ecolabel.fi

### Ísland

Norræn Umhverfismerking á  
Íslandi  
Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík  
Sími: +354 591 20 00  
Fax: +354 591 20 20  
Netfang: svanurinn@ust.is  
www.svanurinn.is

Skjal þetta má aðeins afrita í heild og án allra breytinga. Leyfilegt er að vitna í það svo fremi sem Norrænnar umhverfismerkingar sé getið sem heimildar.

## Hvað er Svansvottuð ræstingaþjónusta?

Svansvottuðræstingaþjónusta býður viðskiptavinum sínum upp á umhverfisvæn þrif. Svansmerkt ræstingaþjónusta notar lítið af efnavöru og notar hátt hlutfall af umhverfisvænni efnavöru. Umhverfisáhrif gróðurhúsalofttegunda eru takmörkuð með ströngum kröfum um akstur og/ eða flutninga, og notkun sorppoka. Allt þetta er samþætt við mjög mikil gæði í þrifum og vel þjálfað starfsfólk.

## Af hverju að velja Svansvottað?

- Ræstingaþjónustan má nota Svansmerkið í markaðssetningu sinni. Svanurinn er vel þekkt umhverfismerki og nýtur mikils trúverðugleika á Norðurlöndunum.
- Svansvottun felur í sér kostnaðarskilvirkt og einfalt tæki til að koma umhverfisvinnu- og stefnu fyrirtækisins til skila til viðskiptavinanna.
- Fyrirtæki sem leggur áherslu á umhverfismál getur oft dregið úr kostnaði t.d. ef þörf fyrir akstur verður minni.
- Umhverfisvænn rekstur ræstingafyrirtækja býr þau undir kröfur framtíðarinnar í umhverfismálum.
- Umhverfismál eru flókin. Það getur tekið langan tíma og mikla vinnu að öðlast þekkingu á ákveðnu sviði umhverfismála. Svanurinn getur nýst sem leiðarvísir í því ferli.
- Svansvottunin tekur ekki einungis til umhverfismála heldur gerir það einnig gæðakröfur, þar sem umhverfismál og gæðamál fara oft saman. Þetta þýðir að Svansvottunin er einnig gæðastimpill.

## Hvað getur verið Svansvottað?

Fyrirtæki sem bjóða hefðbundna ræstingaþjónustu geta fengið Svansvottun. Hefðbundin ræstingaþjónusta felur í sér verk sem þarf að vinna til að halda hreinu innandyra: regluleg þrif og lotubundin þrif er ná til viðhalds gólfa, söfnunar úrgangs o.s.frv. eru innifalin í þessum verkefnum. Hefðbundnar ræstingar kallast í þessu skjali einfaldlega ræstingar.

“Ræstingar“ fela ekki í sér sérhæfðar ræstingar eða gluggahreinsun. Sjá ”Útskýringar á hugtökum” til að fá nánari upplýsingar.

Skilgreiningin á „ræstingu“ gerir það að verkum að ræstingaþjónusta fyrir einstaklinga, fyrirtæki og opinbera aðila getur fengið Svansvottun. Þetta á bæði við um ræstingar á vegum ræstingaþjónustunnar sem og verktaka.

Svansvottunin á við ræstingaþjónustuna í heild sinni – það er sem sagt ekki hægt að veita einungis sumum viðskiptavinum Svansvottaða ræstingaþjónustu á meðan aðrir viðskiptavinir njóta óvottaðrar ræstingaþjónustu sem er ekki umhverfisvottuð.. Þrátt fyrir þessa meginreglu geta þjónustuaðilar skipt þjónustunni upp í mismunandi hagnaðareiningar (t.d. þar sem

ræstingaþjónustunni er skipt upp í svið þar sem hvert svið skilar sínum eigin ársreikningi, eins og svæðisskrifstofur eða svið sem þjóna mismunandi viðskiptavinum). Ef slík skipting á við verður nafn sviðsins/deilarinnar sem umsóknin á við um, að vera tekið fram á umsókninni.

## Hvernig á að sækja um?




Kröfur til ræstingaþjónustu fela í sér sambland af skyldukröfum og fjölda möguleika til að afla sér stiga. Skyldukröfurnar eru merktar með O og númeri og skulu ávallt uppfylltar.

Kröfur sem hægt er að fá stig fyrir eru merktar með P og númeri. Umsækjendur verða að skila inn upplýsingum og gögnum fyrir hverja kröfu sem hægt er að fá stig fyrir, þannig að viss fjöldi stiga náist fyrir hverja kröfu. Stigin eru lögð saman og til að fá leyfi verður að afla sér ákveðins lágmarksfjölda stiga.

Kröfurnar má einnig nota sem gátlista þar sem á eftir hverri kröfu er reitur sem hægt er að merkja við eftirfarandi: Já og nei, eftir því hvort krafan er uppfyllt.

## Tákn sem notuð eru í textanum

Lýsing fylgir hverri kröfu um hvaða skjöl eiga að fylgja henni. Ýmis tákn eru notuð til að auðvelda ferlið. Þessi tákn eru:

-  Sýnir hvaða skjölum þarf að skila
-  Uppfylling kröfu er staðfest með vettvangsskoðun
-  Sendið lýsingu á verkferlum í umhverfis- og gæðastjórnun

Ef þörf er á nánari útskýringu á kröfunni (t.d. í neðanmálgreinum), skal skrifa útskýringartextann strax á eftir kröfunni, með skáletri (útskýringartexti).

## Umsóknir

Skila skal umsóknum til skrifstofu Norrænu umhverfismerkingarinnar í því landi þar sem ræstingaþjónustan fer fram, sjá heimilisföng á bls. 2. Fullfrágengin umsókn samanstendur af útfylltu umsóknareyðublaði og skjölum sem sýna að kröfur í köflum 1 til 8 í þessari skýrslu hafi verið uppfylltar.

Nánari upplýsingar um umsóknir og aðstoð við gerð þeirra er aðgengileg á vefsíðum Norrænu umhverfismerkingarinnar í hverju landi fyrir sig.

Ekki er hægt að skrá Svansmerкта ræstingaþjónustu sjálfkrafa í öðrum löndum. Vegna þeirra umhverfisáhrifa sem þjónustan hefur í hverju landi fyrir sig, verður að skrá innleiðingu þjónustunnar í öðru landi eins og um sé að ræða alveg nýja umsókn.

## Vettvangsskoðun

Norræna umhverfismerkingin mun skoða vettvang fyrir leyfisveitingu til fullvissu um að kröfum sé fylgt. Í vettvangsskoðunum verða umsækjendur að geta sýnt fram á forsendur útreikninga, frumrit þeirra skjala sem liggja til grundvallar vottunar, vörureikninga yfir innkaup og þess háttar til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar. Nánari upplýsingar er að finna í Viðauka 1, kafla 1.

## Kostnaður

Umsóknargjald greiðist í tengslum við umsóknina. Auk þess þarf að greiða árgjald fyrir notkun merkisins. Gjöldin byggjast á veltu þess fyrirtækis sem veitir Svansmerkta þjónustu.

## Spurningar

Ef upp vakna spurningar, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Norrænu umhverfismerkingarinnar. Sjá heimilisföng á bls. 2.

## Hvaða kröfur ber að uppfylla til að fá Svansvottun?

Þær kröfur sem uppfylla þarf fyrir ræstingaþjónustu eru kröfur um efnanotkun, efnainnihald, akstur og magn úrgangs. Þessar kröfur eru yfirleitt settar fram með tilliti til þess hve margir fermetrar eru þrífir á ári hverju. Að auki eru kröfur sem eiga við um eftirlit með gæðum þrifa, stjórnun, siðferði og þjálfun starfsfólks.

Til þess að fá Svansvottun þarf að uppfylla eftirfarandi:

- Uppfylla skal allar skyldubundnar kröfur.
- Til að fá leyfi verður að ná lágmarki 16 af 27 stigum. Ef ræstingaþjónustan notar ekki farartæki við ræstingaþjónustu sína eða notar einungis farartæki í öðrum tilgangi en þrifum, verður að ná lágmarki stiga 13 af mögulegum 22 stigum.
- Norræna umhverfismerkingin þarf að hafa komið í vettvangsskoðun, sjá Viðauka 1, kafla 1.

## Útreikningar í kröfunum

Í kröfum þar sem umsækjendur þurfa að taka saman tölfræðileg gögn um árlega notkun, verður að nota tölur um síðasta ár eða um tímabil sem nemur a.m.k. þremur mánuðum.

# 1 Almennar kröfur til umsækjenda

## Skyldubundnar kröfur

### 01 Fjöldi fermetra sem eru þrífir

Eru kröfur uppfylltar?

Já  Nei

Umsækjandi verður að reikna út fjölda fermetra af gólfleti sem hafa verið þrífir á ársgrundvelli.

Ef til viðbótar við venjuleg þríf, er boðið upp á sérhæfð þríf og/eða aðra þjónustu, verður að aðskilja hana frá ræstingaþjónustunni til þess að hægt sé að reikna út þann fjölda fermetra af gólfleti sem hafa verið þrífir á ársgrundvelli.

Fjöldi fermetra af gólfleti sem hafa verið þrífir eru reiknaðir út á grundvelli upplýsinga um tíðni þrifa og umfang (fjölda fermetra) í samningum ræstingaþjónustunnar. Sjá dæmi um útreikning í Viðauka 1, kafla 2.

Það eru tvær leiðir til að reikna út fjölda fermetra af gólfleti sem hefur verið þrífir:

1) Fjöldi fermetra af gólfleti sem hafa verið þrífir eru reiknaðir út á grundvelli upplýsinga um tíðni þrifa og umfang (fjölda fermetra) í samningum ræstingaþjónustunnar. Sjá dæmi um útreikning í Viðauka 1, kafla 2.

2) Út frá fjölda klst. / heilsársvinna einnar manneskju:

Fjöldi m<sup>2</sup> á ári = heilsársvinna einnar manneskju x 297,500 m<sup>2</sup>

Fjöldi heilsársvinnandi starfsmanna er margfaldaður með FTE gildi (heilsársstarfsmaður er talinn þrifa 297 500 m<sup>2</sup> á einu ári).



Lýsing á útreikningi á fjölda fermetra af gólfleti sem hafa verið þrífir á ársgrundvelli, fyrir utan alla þjónustu sem er ekki tekin með í leyfisumsókninni.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

## 2 Kröfur um efnavöru

### Skyldubundnar kröfur

### 02 Upplýsingar um efnavöru

Að lágmarki þarf að veita eftirfarandi upplýsingar um hverja efnavöru:

Notkunarleiðbeiningar birgis / öryggisblað efnisins

Stutt lýsing á virkni og skammtastærð sem nota skal af efninu, þ.m.t. upplýsingar um mögulega efnaskammtara (dælur, údatappa, mælilát, inndælingarkerfi skömmtunarkerfi) (getur verið sýnt í notkunarleiðbeiningum frá birgi).



Notkunarleiðbeiningar birgis / öryggisblað efnisins fyrir alla efnavöru og ef við á, viðbótarupplýsingar um virkni og skammtastærð efnavörunnar.

*Ef ræstingaþjónustan er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi eða gæðakerfi (ISO/EMAS eða sambærilegt) sem nær yfir þá ræstingaþjónustu sem verið er að sækja um Svansvottun fyrir, þá er ekki nauðsynlegt að skila inn notkunarleiðbeiningum birgis eða öðrum upplýsingum um efnavöru. Í þessu tilviki nægir að skila inn afriti af vottunarskírteini og afriti að viðkomandi þætti úr gæðakerfinu sem nær yfir ofangreint tilvik.*

Já  Nei

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

Eru kröfur uppfylltar?

### 03 Notkun réttis magns efna

Já  Nei

Til að tryggja notkun á réttu magni efna skal allt starfsfólk hafa aðgang að skammtaílátum eða mæliílátum á því svæði þar sem verið er að framkvæma þrif. Þetta verður að vera hluti af verkferlum fyrirtækisins.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Skila skal inn kaflanum um verkferli sem sýnir að þessi krafa sé uppfyllt. Þetta er atriði sem er skoðað við vettvangsskoðun.

### 04 Efnanotkun sem fer yfir 640 µl (mikrólíter)/m<sup>2</sup>

Já  Nei

Efnanotkun sem fer yfir 640 µl/m<sup>2</sup> er ekki leyfð.

*Efnanotkun er reiknuð út á grundvelli heildarmagns þess hreinsiefnis sem var notað (þ.m.t. vatn í vörunni). Þvottaefni fyrir þvottavélar þjónustaðila eru einnig meðtalin. Ef þvottaefni eða hreinsiefni eru gefin upp í kílógrömmum, verður að breyta tölunum yfir í ml með hjálp upplýsinga um eðlisþyngd sem er uppgefin á öryggisblaði efnisins eða á umbúðunum.*

*Sjá dæmi um hreinsiefni sem taka skal með í reikninginn í Viðauka 2. Efnavara fyrir sérhæfð þrif er undanskilin í þessum útreikningi.*

*Efnavara sem er meðhöndluð af ræstingaþjónustunni fyrir hönd viðskiptavinar, en ekki notuð beint við þrifin sjálf, eins og t.d. áfylling á uppþvottaefni í uppþvottavélar viðskiptavinar, áfylling á uppþvottalegi fyrir notkun viðskiptavinar, handsápur á baði eða afísingavökvar til að hreinsa snjó og ís, eru ekki tekin með í þessum útreikningi.*



Tilgreina skal heildarnotkun hreinsiefna (þ.m.t. þvottaefni fyrir eigin þvottavélar) á hvern m<sup>2</sup>. Þetta má gera með því að fylla út Viðauka 3 (fáanlegur rafrænn hjá Norrænu umhverfismerkingunni).

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

## Kröfur sem veita stig

### P1 Notkun efnavöru

Áunin stig:

P
---

Notkun á minna en 140 µl efnavöru/m<sup>2</sup> af gólfleti sem þrifinn er árlega: 5p

Notkun 140-239 µl efnavöru/m<sup>2</sup> af gólfleti sem þrifinn er árlega: 4p

Notkun 240-339 µl efnavöru/m<sup>2</sup> af gólfleti sem þrifinn er árlega: 3p

Notkun 340-439 µl efnavöru/m<sup>2</sup> af gólfleti sem þrifinn er árlega: 2p

Notkun 440-539 µl efnavöru/m<sup>2</sup> af gólfleti sem þrifinn er árlega: 1p

Notkun 540-640 µl efnavöru/m<sup>2</sup> af gólfleti sem er þrifinn á ári: 0p

*Sjá útskýringar á útreikningi í O4*

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Sjá O4

## Skyldubundnar kröfur

### 05 Hlutfall umhverfismerkrar efnavöru

Eru kröfur uppfylltar?

Já  Nei

Hlutfall umhverfismerkrar efnavöru sem notuð er verður að vera hærra en 50%.

*Hlutfallið er reiknað út sem rúmmáls % af heildarnotkun efnavöru á ári.*

*O4 veitir upplýsingar um þá efnavöru sem útreikningar á hlutfalli umhverfismerkrar efnavöru byggir á.*

*Umhverfismerkt efnavara hefur leyfi eða samsvarandi skv. umhverfismerkingarkerfi af Gerð 1 (samkvæmt ISO-14024 stöðlum). (Sjá Viðauka 1, kafla 3 til að sjá dæmi um þetta).*



Tilgreina skal hlutfall umhverfismerkrar efnavöru sem notuð er. Notast má við viðauka 3 (fáanlegur rafrænn frá Norrænu umhverfismerkingunni).

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

**06 Hættuflokkun efnavöru sem er ekki umhverfisvottuð**

Vörur sem ekki eru umhverfismerktaðar verða að vera flokkaðar samkvæmt kröfum sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu.

Flokkun	Hættumerki samkvæmt 67/548/EBE	CLP reglugerð 1272/2008
Hættulegt umhverfinu	H50, H50/53, H51/53, með N. H52, H53 eða H52/53 án	Bráðahætta 1: H400 Langvarandi hætta 1, 2: H410, H411 Langvarandi hætta 3, 4: H412, H413
Afar eitrað	N. Tx (T+ í Noregi)	Bráðahætta 1,2: H330, H310, H300 STOT SE 1: H370
Eitrað	T	Bráðahætta 2,3: H301, H311, H330, H331 STOT SE 1: H370 STOT SE 1: H372
Skaðlegt heilsu	Xn (Undantekning: Vörur geta verið merktar H20, H21 og/eða H22 – ef pakkningin er hönnuð á þann hátt að notandinn komist ekki í snertingu við efnið)	Bráðahætta 4: H332, H312, H302 STOT RE 2: H373 STOT SE 2: H371 Ásvelgingarhætta 1: H304 (Undantekning: Vörur geta verið merktar Bráðahætta 4: H332, H312, H302 – ef pakkningin er hönnuð á þann hátt að notandinn komist ekki í snertingu við efnið)
Ofnæmisvaldandi	Xn með H42 eða Xi með H43	Ofnæmisvaldandi í öndunarvegi 1: H334 Ofnæmisvaldandi á húð 1: H317
Krabbameinsvaldandi	Krabbameinsvaldandi með H40, H45 og/eða H49	Krabbameinsvaldandi 2: H351 Krabbameinsvaldandi 1A, 1B: H350 eða H350i
Stökkbreytandi	Stökkbreytandi með H46 og/eða H68	Stökkbreytandi 1B: H340 Stökkbreytandi 2: H341
Eiturhrif á æxlun	Æxlun með H60, H61, H62, H63 og/ eða H64	Eiturhrif á æxlun 1A: H360 Eiturhrif á æxlun 1B: H360 Eiturhrif á æxlun 2: H361 Eiturhrif á mjólkurskeiði: H 362

H50: Mjög eitrað vatnalífverum; H50/53: Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni; H51/53: Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni; H52: Skaðlegt vatnalífverum, H53: getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni; H52/53:

Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni, H20: Hættulegt við innöndun; Hættulegt í snertingu við húð, H22: Hættulegt við inntöku, H42: Getur valdið ofnæmi við innöndun; H43: Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð; H40: Getur hugsanlega valdið krabbameini; H45: Getur valdið krabbameini; H49: Getur valdið krabbameini við innöndun; H46: Getur valdið arfgengum skaða; R60: Getur dregið úr frjósemi; H61: Getur skaðað barn í móðurkviði; H62: Getur hugsanlega dregið úr frjósemi; H63: Getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði; H64: Getur skaðað brjóstmylklinga; H68: Getur valdið varanlegu heilsutjóni.

Flokkun þessi er í samræmi við tilskipun 67/548/EBE og 1999/45/EB með síðari tíma breytingum og aðlögunum eða í samræmi við HSK (Hnattsamræmt kerfi).

Til að breyta yfir í hnattsamræmt kerfi er hægt að nota viðauka 8 til að breyta kröfum um flokkun vöru.

Vinsamlegast athugið að framleiðendur hráefna / framleiðendur vöru eru ábyrgir fyrir flokkun.

Sóttgreinsandi efni verða að uppfylla skilyrðin hér að ofan.

Undantekningar: Bensalkóníum klóríð varðandi hættu fyrir umhverfið



Öryggisblað fyrir efnavöruna í samræmi við viðeigandi löggjöf í hverju landi fyrir sig, þ.e. í Viðauka II við REACH (EB reglugerð 1907/2006/EB). Ef varan er merkt H20, H20, H21 og/eða

H22 (Flokkur bráð eiturhrif 4: H332, H312, H302) verður lýsing á hönnun pakkningarinnar að fylgja með.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



## 07 Efnavara sem ekki er umhverfisvottuð, efni sem ekki mega vera til staðar

Já  Nei

Eftirfarandi innihaldsefni mega ekki vera til staðar<sup>1</sup> í efnavöru:

- Hvarfgjörn klórsambönd, til dæmis natríum hýpóklóríðþ  
Undantekning: Nota má hvarfgjörn klórsambönd ef yfirvöld krefjast þess eða ef verið er að sótthreinsa sundlaugar.
- Lífræn klórsambönd. Undantekning: Nota má bensalkóníum klóríð á yfirborðsfleti þar sem slíkt er nauðsynlegt til að fyrirbyggja vöxt örvera (t.d. í gufubaði). Skila verður inn rökstuðningi fyrir notkun á bensalkóníum klóríði á þeim yfirborðsflötum sem um ræðir.
- Alkýlfenól etoxýlöt (APEO efni) og afleiður þeirra
- Línuleg alkýl bensen sulfónöt (LAS efni)
- EDTA, DTPA og NTA
- Silfur-nanóagnir
- Perflúoruð og pólýflúoruð alkýleruð efni (PFAS)
- Metyl díbrómó Glútaronítríl (MG)
- Optísk bleikiefni

Innihaldsefni í blautþurrkum eru einnig tekin með í þessari kröfu.

<sup>1</sup>Unless otherwise stated, constituent substances are taken to be any substances in the product, including additives in the ingredients (e.g. preservatives and stabilisers), but not impurities from raw material production. Impurities are taken to include residues from raw material production included in the finished product in concentrations of less than 100 ppm (0.0100 w/w%, 100 mg/kg), but not substances added to a raw material or product deliberately and for a purpose, regardless of the quantity.



A duly filled out appendix 6 for each non-ecolabelled chemical.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



When using chemical containing Benzalkonium chloride, also known as alkyl dimethyl benzyl ammonium chloride and ADBAC, the cleaning service has to describe the area where the chemical is used.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

### Kröfur sem veita stig

#### P2 Umhverfismerkt efnavara

Hlutfall umhverfismerkrar efnavöru er hærra en 95 rúmmáls %: 5 stig

Hlutfall umhverfismerkrar efnavöru er frá 86-95 rúmmáls %: 4 stig

Hlutfall umhverfismerkrar efnavöru er frá 76-85 rúmmáls %: 3 stig

Hlutfall umhverfismerkrar efnavöru er frá 66-75 rúmmáls %: 2 stig

Hlutfall umhverfismerkrar efnavöru er frá 55-65 rúmmáls %: 1 stig

Hlutfall umhverfismerkrar efnavöru er minna en 55 rúmmáls %: 0 stig



Sjá O5

Áunnin stig:

P

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

#### P3 Þykktar vörur (e. concentrated products)

Ef meira en 30 rúmmáls % hreinsiefna eru þykktar vörur, þá fæst 1 stig.

Ef meira en 50 rúmmáls % hreinsiefna eru þykktar vörur, þá fást 2 stig.

þykkt efnavara inniheldur a.m.k. 30% af virka efninu.

Prósentan er reiknuð sem þyngdarprósenta virka efnisins í efnavörinni. Útreikningurinn er framkvæmdur á grundvelli upplýsinga á öryggisblaði fyrir hreinsiefni. Ef öryggisblað tilgreinir innihaldsefni á einhverju styrkleikabili, þá telst virkt innihald vera lægsti styrkleiki sem gefinn er upp.

Efni sem tekin eru með til að ákvarða rúmmálsprósentu hreinsiefna má sjá undir kröfu O4.



Tilgreining á hlutfalli þykktra efna sem eru notuð.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

## 3 Kröfur um akstur

Eru kröfur uppfylltar?

Ef ræstingaþjónustan notar engin farartæki við ræstingar, á þessi krafa ekki við.

### Skyldubundnar kröfur

#### 08 Hlutfall farartækja af evrópskum staðli IV

Já  Nei

Hlutfall þeirra farartækja sem uppfylla evrópskan staðal IV verður að vera að lágmarki 95% af heildarfjölda farartækja fyrirtækisins. Annar valkostur er að a.m.k. 95% af heildar kílómetrafjölda fyrirtækisins á ári séu eknir í farartæki sem uppfyllir evrópskan staðal IV.

*Krafan á við um eigin bíla og flutningabíla ræstingaþjónustunnar sem og farartæki sem hann leigir og sem eru notuð í tengslum við ræstingaþjónustuna. Þannig falla farartæki sem notuð eru af yfirmönnum, stjórnendum, aðstoðarfólki, skipuleggjendum, eftirliti o.fl. undir þessa kröfu.*

*Bílar sem uppfylla evrópskan staðal IV mæta kröfum um útblástur sem urðu skylda innan ESB þann 1. janúar 2006. Evrópskur staðall IV tók gildi fyrir flutningabíla þann 1. janúar 2007.*

*Farartæki sem er merkt sem evrópskur staðall V eða VI mun einnig uppfylla skilyrði evrópsks staðals IV.*

*Rafbílar falla ekki undir þennan útreikning. Tvinnbílar verða að mæta kröfum evrópsks staðals IV.*

*Upplýsingar um bíla sem uppfylla evrópskan staðal IV er að finna á slóðinni:*

*Danmörk: <http://www.fstyr.dk/sw22275.asp>.*

*Sweden: [www.konsumentverket.se](http://www.konsumentverket.se) undir "Bílar" [Cars] undir flípanum: "Bílar, bränsleförbrukning och vår miljö" [Bílar, eldsneytisnotkun og umhverfi]. Í Svíþjóð eru þessi farartæki flokkuð sem "Miljöklass 2005" [Umhverfisflokkur 2005] eða Miljöklass hybridbílar [Umhverfisflokkur tvinnbílar].*



Skjalfesting á þeim farartækjum sem uppfylla evrópskan staðal IV, annað hvort sem yfirlýsing frá framleiðanda eða sem upplýsingar frá opinberri skrá Euronorm yfir farartæki.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Útreikningur á hlutfalli farartækja sem uppfylla evrópskan staðal IV af heildarfjölda farartækja sem eru notuð við ræstingaþjónustu. Að öðrum kosti, útreikningur á fjölda km sem hafa verið eknir í farartækjum sem uppfylla evrópskan staðal IV miðað við heildar kílómetrafjölda, byggt á skjalfestingu á þeim km sem hafa verið eknir í hverju farartæki. Rafbíla skal ekki taka með í útreikninginn.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Opinber skráning sem sýnir framleiðsluár farartækisins.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

#### 09 Hámarks eldsneytisnotkun til flutninga

Já  Nei

Heildar eldsneytisnotkun til flutninga má ekki fara yfir 9,0 l/100 km eða 0,75 ml/m<sup>2</sup>. Þó má heildar eldsneytisnotkun verða allt að 1,00 ml/m<sup>2</sup> ef 80% af gólfleti sem ræstingaþjónustan þarf að þrifa er minni en 200 m<sup>2</sup>.

Krafan nær eingöngu til bensín- og dísilbíla. Norræna umhverfismerkingin getur samþykkt aðra umreikningsstuðla fyrir aðrar tegundir eldsneytis ekki eru unnin úr jarðefnaeldsneyti (t.d. gas) ef hægt er að skjalfesta slíkt.

*Krafan á við um eigin bíla og flutningabíla þjónustuaðila sem og farartæki sem hann leigir og eru notuð í tengslum við ræstingaþjónustuna. Þannig falla farartæki sem notuð eru af yfirmönnum, stjórnendum, aðstoðarfólki, skipuleggjendum, eftirliti o.fl. undir þessa kröfu.*

*Eldsneytisnotkun í ml/m<sup>2</sup>: Heildar eldsneytisnotkun til aksturs á hverja m<sup>2</sup> af þrífnum gólfleti.*

*Eldsneytisnotkun í l/100 km er samsett notkun eldsneytis til aksturs á áætlaða ekna kílómetra. Almennar upplýsingar um skilvirkni bílsins við notkun eldsneytis frá framleiðanda eru ekki fullnægjandi.*



Útreikningurinn eins og hann skal vera í kröfu sem veitir stig fyrir flutninga. Sjá hér að neðan.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

**Kröfur sem veita stig**

Umsækjandi verður að velja eina af kröfunum P4 eða P5 og getur síðan notað stigin sem hann fær til að ákvarða heildarstigafjölda sinn.

*Krafan á við um eigin farartæki ræstingaþjónustunnar, sem og leigð farartæki og sendibíla sem eru notaðir í akstur í tengslum við ræstingaþjónustuna. Þannig falla farartæki sem notuð eru af stjórnendum, aðstoðarfólki, skipuleggjendum, eftirliti o.fl. undir þessa kröfu.*

**P4 Skilvirkni eldsneytisnotkunar fyrir akstur**

P

A: Ef flatarmál þess gólfflatar sem ræstingaþjónustan þrífur er undir 200 m<sup>2</sup> hjá 80% viðskiptavina gildir eftirfarandi:

Eldsneytisnotkun til flutninga (ml/m<sup>2</sup>) er minni en 0,20: 5 P

Eldsneytisnotkun til flutninga (ml/m<sup>2</sup>) er á milli 0,20 - 0,39: 4 P

Eldsneytisnotkun til flutninga (ml/m<sup>2</sup>) er á milli 0,40 – 0,59: 3 P

Eldsneytisnotkun til flutninga (ml/m<sup>2</sup>) er á milli 0,60 - 0,79: 2 P

Eldsneytisnotkun til flutninga (ml/m<sup>2</sup>) er á milli 0,80 – 0,90: 1 P

B: Eftirfarandi kröfur eiga við um alla annars konar ræstingaþjónustu:

Eldsneytisnotkun til flutninga (ml/m<sup>2</sup>) er minni en 0,15: 5 P

Eldsneytisnotkun til flutninga (ml/m<sup>2</sup>) er á milli 0,15 - 0,29: 4P

Eldsneytisnotkun til flutninga (ml/m<sup>2</sup>) er á milli 0,30 - 0,44: 3 P

Eldsneytisnotkun til flutninga (ml/m<sup>2</sup>) er á milli 0,45 - 0,59: 2 P

Eldsneytisnotkun til flutninga (ml/m<sup>2</sup>) er á milli 0,60 - 0,70: 1 P

Til að skjalfesta kaup á eldsneyti sem inniheldur meira af lífetanóli en 80%, má breyta keyptu lífetanóleldsneyti yfir í ml eldsneytis á hvern m<sup>2</sup> í samræmi við kröfuna með því að nota eftirfarandi útreikning:

$$X \cdot 0.7 = Y$$

þar sem X = lítrafjöldi keypts eldsneytis með innihald lífetanóls yfir 80% og Y = lítrafjöldi umreiknaðs eldsneytis sem tengist beint kröfunni.

Norræna umhverfismerkingin getur samþykkt aðra umreikningsstuðla fyrir aðrar tegundir eldsneytis ef hægt er að skjalfesta þá.

Eldsneytisnotkun í ml/m<sup>2</sup>: Heildar eldsneytisnotkun til flutninga á hverja m<sup>2</sup> af þrífnum gólffleti.



Fyrir A: Útreikningur sem sýnir að fjöldi viðskiptavina þar sem þrífinn gólfflötur er minni en 200 m<sup>2</sup> fer yfir 80%.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Fyrir bæði A og B: Útreikningur á heildar ársnotkun eldsneytis til flutninga á hvern þrífinn m<sup>2</sup>.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



þar sem óhefðbundið eldsneyti er notað, skal skila skjalfestum upplýsingum um magn og styrkleika eldsneytis. Notkun á Svansvottuðu eldsneyti verður að vera skjalfest.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

## P5 Skilvirkni nýtingar eldsneytis

Áunnin stig:

P

Skilvirkni nýtingar eldsneytis til flutninga (l/100 km) er minni en 5.0: 5 P

Skilvirkni nýtingar eldsneytis til flutninga (l/100 km) er á bilinu 5,0 - 5,9:

4 P Skilvirkni nýtingar eldsneytis til flutninga (l/100 km) er á bilinu 6,0 -

6,9: 3 P Skilvirkni nýtingar eldsneytis til flutninga (l/100 km) er á bilinu

7,0 - 7,9: 2 P Skilvirkni nýtingar eldsneytis til flutninga (l/100 km) er á

bilinu 7,0 - 7,9: 1 P

Krafan á einungis við um bensín- og dísilbíla. Norræna umhverfismerkingin getur samþykkt aðra umreikningsstuðla fyrir aðrar tegundir eldsneytis, sem ekki eru unnin úr jarðefnaeldsneyti, ef hægt er að skjalfesta slíkt.

*Notkun er heildar eldsneytisnotkun til flutninga á hverja útreiknaða ekna kílómetra. Almennar upplýsingar um skilvirkni bílsins við notkun eldsneytis frá framleiðanda eru ekki fullnægjandi.*



Útreikningur á heildar ársnotkun eldsneytis til flutninga á hverja ekna 100 km.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Þar sem óhefðbundið eldsneyti er notað, skal skila skjalfestum upplýsingum um magn og styrkleika eldsneytis.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

## 4 Kröfur til meðhöndlunar úrgangs

### Kröfur sem veita stig

#### P6 Sorppokar

P

Umsækjandi verður að reikna út magn poka sem eru notaðir fyrir ruslakörfur og pappírskörfur í milligrömmum (mg) á fermetra (m<sup>2</sup>) sem eru þrífir á ári og þetta magn fær úthlutað stigum samkvæmt gildunum hér fyrir neðan:

Notkun er minni en 50 mg af sorppokum á hvern m<sup>2</sup>: 4 p

Notkun á 50 - 99 mg af sorppokum á hvern m<sup>2</sup>: 3 p

Notkun á 100 - 149 mg af sorppokum á hvern m<sup>2</sup>: 2 p

Notkun á 150 - 200 mg af sorppokum á hvern m<sup>2</sup>: 1 p

Notkun á meira en 200 mg af sorppokum á hvern m<sup>2</sup>: 0 p

*Sorppokar fyrir þrífavagna eru ekki taldir með.*

*Ef umsækjandi hefur einungis upplýsingar um það magn plastpokarúlla sem voru notaðar, er hægt að reikna út þyngdina samkvæmt meðaltalsfjölda plastpoka á hverri rúllu.*

*Ef umsækjandi notar plastpoka en vantar upplýsingar um þyngd pokans, verður að nota þyngd sem samsvarar 10 g á hvern plastpoka.*

*Ef ábyrgð ræstingabjónustu gagnvart viðskiptavininum felur ekki í sér að tæma ruslatunnur og pappírskörfur eða ef ræstingabjónustan hefur engin áhrif á hvaða sorppoka viðskiptavinurinn notar (ræstingabjónustan tæmir einungis ruslið), þarf ekki að taka notkun viðskiptavinarins á ruslapokum með í útreikninginn. Einnig þarf að taka fjölda fermetra sem eru þrífir fyrir þennan viðskiptavin út úr útreikningi á notkun sorppoka.*



Útreikningur á árlegri notkun sorppoka á hvern þrífinn fermetra.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

## P7 Flokkun ræstingapjónustu á sorpi

Ef ræstingapjónustan flokkar sorp í a.m.k. fimm flokka innan fyrirtækisins, fæst 1 stig.

*Innan fyrirtækisins felur í sér að um er að ræða úrgang sem myndast hjá ræstingapjónustunni sjálfri, t.d. á eigin skrifstofum eða úrgangur sem myndast við þrif, t.d. tómar umbúðir og ónýtar tuskur.*



Úrgangsaætlan fyrir ræstingapjónustuna sem sýnir flokkun og síðari meðhöndlun úrgangs.



Þetta er atriði sem er skoðað við vettvangsskoðun.

Áunnin stig:

p

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

## 5 Notkun umhverfismerktar vöru

### P 8 Kaup á umhverfismerktri vöru (hámark 3 stig fyrir þessa kröfu)

#### Þurrkur

A.m.k. 90% af þurrkum (eldhúsrúllur, pappírþurrkur og klósettpappír) hjá viðskiptavininum eru umhverfismerktar: 0,5 p

*Á við ef ræstingapjónustan ber ábyrgð á innkaupum á þurrkum og enduráfillingu þeirra hjá viðskiptavininum.*



Yfirlit yfir innkaup ræstingapjónustu á umhverfisvottuðum þurrkum (skráið birgi og umhverfismerki). Útreikningur á hlutfalli umhverfismerktar þurrka af heildarmagni þurrka sem ræstingapjónustan sér viðskiptavini fyrir.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

#### Handklæðarúllur

A.m.k. 50% af handklæðarúllum viðskiptavina eru umhverfismerktar: 0,5 p

*Á við þar sem ræstingapjónustan sér viðskiptavini fyrir handklæðarúllum.*



Yfirlit yfir innkaup ræstingapjónustu á umhverfisvottuðum handklæðarúllum (skráið birgi og umhverfismerki). Útreikningur á hlutfalli umhverfismerktar handklæðarúlla af heildarmagni handklæðarúlla sem ræstingapjónustan sér viðskiptavini fyrir.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

#### Sápa

100% af sápunni á snyrtingu viðskiptavina er umhverfisvottuð: 0,5 p

*Á við þar sem ræstingapjónustan ber ábyrgð á innkaupum og áfyllingu á sápu fyrir viðskiptavin.*



Yfirlit yfir innkaup ræstingapjónustu á umhverfismerktri sápu (skráðu birgi og umhverfismerki). Útreikningur á hlutfalli umhverfismerktar sápu af heildarmagni sápu sem ræstingapjónustan sér viðskiptavini fyrir.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

#### Ljósritunarpappír

A.m.k. 90% af ljósritunarpappír skal vera umhverfismerktur: 0,5 p

*Ljósritunarpappír er keyptur inn fyrir skrifstofu ræstingapjónustunnar.*



Kvittun eða lýsing sem sýnir hversu hátt hlutfall af innkeyptum ljósritunar-pappír er umhverfismerktur.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

#### Þvottavélar

A.m.k. 50% af þvottavélum í eigu ræstingapjónustunnar eru umhverfisvottaðar: 1 p

*Ræstingapjónustan sér um að þvott eigin hreingerningavörur, eins og klúta og moppur í sinni eigin þvottavél.*



Þetta er atriði sem er skoðað við vettvangsskoðun.

### Vinnufatnaður

Að minnsta kosti ein vinnuföt sem hafa verið keypt inn handa starfsfólki eru umhverfisvottuð: 0,5 p



Kvittun eða lýsing sem sýnir að a.m.k. ein vinnuföt-séu umhverfisvottuð.

Áunnin stig:

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

### Klútar og moppur

Að minnsta kosti af 70% klútum og moppum sem eru notaðar hjá viðskiptavini eru umhverfisvottaðar: 0,5p



Kvittun eða lýsing sem sýnir hversu hátt hlutfall af innkeyptum klútum og moppum er umhverfisvottað.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

### Eldsneyti til flutninga

A.m.k. 50% af eldsneyti til aksturs er umhverfismerkt: 0,5p



Kvittun eða lýsing sem sýnir hversu hátt hlutfall af innkeyptu eldsneytis er umhverfismerkt.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

### Aðrir vöruflokkar

Að minnsta kosti 50% af vörum innan annarra vöruflokka eru umhverfismerktar \*: 0.5 p á hvern vöruflokk, hámark 1 stig

*\*Það er ekki hægt að fá stig skv. P8 fyrir vörur sem hafa þegar fengið stig í öðrum stigaflokkum. Þetta á við um umhverfismerkt hreinsiefni sem fá stig skv. P2 og einnig um notkun umhverfismerkts eldsneytis sem fær stig skv. P4 eða P5.*

*„Umhverfismerkt“ þýðir vörur (vörur og þjónusta) sem er merkt með Svaninum, ESB-blóminu og Bra Miljöval. Umhverfismerki uppfyllir alþjóðlega staðla um umhverfismerki, ISO 14024 og er vísað til þess sem merkinga af Gerð 1.*

P9

### Kaup á umhverfisvottaðri þjónustu (hámark 2 stig fyrir þessa kröfu)

p

#### Þjónusta við þvott

100% þjónusta við þvott sem keypt er af ræstingaþjónustunni skal vera umhverfisvottuð: 1 p



Kvittun eða lýsing sem sýnir að aðkeypt þvottaþjónusta sé umhverfisvottuð.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

#### Bílaþvottur

A.m.k. 50% af öllum bílaþvotti verður að vera umhverfismerktur: 1 p

*Snertir viðhald bílafloata og farartækja ræstingaþjónustu.*



Kvittun eða lýsing sem sýnir hlutfall af umhverfisvottuðum bílaþvotti af heildarfjölda bílaþvotta ræstingaþjónustunnar.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

#### Prentgripir

100% efnis sem prentað er skal vera umhverfismerkt: 0,5 p

*Á við um alla prentgripir sem pantaðir eru af ræstingaþjónustunni hjá utanaðkomandi prentþjónustu.*



Kvittun eða lýsing sem sýnir hlutfall af öllu prentuðu efni ræstingaþjónustunnar sem er umhverfisvottað.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

### Annað

0,5 stig á hverja tegund þjónustu, að hámarki 1 stig

*"Umhverfismerkt" þýðir vörur (vörur og þjónusta) sem er merkt með Svaninum, ESB-blóminu og Bra Miljöval. Umhverfismerki uppfyllir alþjóðlega staðla um umhverfismerki, ISO 14024 og er vísað til þess sem merkinga af Gerð 1.*

## 6 Samantekt stiga

	Points achieved:	Possible points achieved:
Notkun efnavöru	<input type="text" value="p"/>	Max 5 p
Hlutfall umhverfismerkrar efnavöru	<input type="text" value="p"/>	Max 5 p
Þykkt efnavara	<input type="text" value="p"/>	Max 2 p
Skilvirkni nýtingar eldsneytis til aksturs	<input type="text" value="p"/>	Max 5 p
Úrgangur, sorppokar	<input type="text" value="p"/>	Max 4 p
Flokkun úrgangs	<input type="text" value="p"/>	Max 1 p
Notkun umhverfismerkrar vöru	<input type="text" value="p"/>	Max 3 p
Aðkeypt umhverfivottuð þjónusta	<input type="text" value="p"/>	Max 2 p
Samtals	<input type="text" value="p"/>	Max 27

Til að uppfylla kröfur: Með akstri meðtöldum 16 stig, án aksturs og/eða flutninga 13 stig

Já

Nei

## 7 Gæði þjónustunnar

### Skyldubundnar kröfur

Eru kröfur uppfylltar?

#### 010 Kerfi til að hafa eftirlit með gæðum ræstinga

Já  Nei

Ræstingapjónustan verður að vera með kerfi til að hafa eftirlit með gæðum ræstinga sem skilar hlutlægum niðurstöðum sem hægt er að sannreyna. Hlutlægni og sannreynanleiki næst til dæmis fram ef viðskiptavinur og ræstingapjónustan eru sammála um gæðastig þjónustunnar og leggja sama mat á niðurstöður.

Ræstingapjónustan verður að lágmarki að setja upp eftirfarandi (skriflega):

- Gæðastefnu sem inniheldur upplýsingar um hvernig gæði verks er samþykkt og hvernig eftirlit er haft með árangri/niðurstöðu.
- Verkferli fyrir stjórnun og eftirlit.
- Verkferli til að skrifa eftirlitsskýrslur.

*If the service provider has a system in place for assessing cleaning quality in accordance with the Nordic standard INSTA800 "Cleaning quality – Measuring system for assessment and rating of cleaning quality" this requirement will be fulfilled.*

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Written quality policy, procedures and if applicable forms, used in quality control.

#### 011 Skriflegar verkleiðbeiningar

Já  Nei

Ræstingapjónustan verður að setja upp skriflegar leiðbeiningar um verk. Þessar leiðbeiningar verða að ná til þeirra verkefna sem þjónustan sinnir. Þegar um er að ræða algengustu ræstingar skal taka verkleiðbeiningar saman þannig að þær innihaldi til dæmis upplýsingar sem eru tilgreindar hér að neðan. Markmið þessarra verkleiðbeininga er að fyrirbyggja frávik við vinnuna:

- Lýsing: Stutt lýsing á verkefninu (þ.e. þrif á göngum, þrif á snyrtingu o.s.frv.).
- Gæði þjónustunnar: Samþykkt gæði eru tilgreind (ef engin gæði hafa þegar verið samþykkt, skal tilgreina "Engin ákveðin gæði samþykkt"). Tíðni: Hve oft skal framkvæma verkið (þ.e. daglega, í hverri viku, á hverju ári o.s.frv.) eða að ná verði fram ákveðnum samþykktum gæðum.
- Viðfang ræstinganna: Yfirborðsflötur herbergja sem þarf að þrifa (t.d. gólf, veggir, húsgögn o.s.frv.).
- Aðferðir sem eiga við: Lýsingar á viðkomandi aðferðum og tækjabúnaði, vélum og efnavöru (nokkrir mismunandi valkostir geta átt við og starfsmaður velur þann kost sem við á, t.d. út frá magni óhreininda).

Nýjum og breyttum skriflegum upplýsingum verður að skila inn af ræstingapjónustunni og tilkynna Norrænu umhverfismerkingunni skv. beiðni.

*Ef ræstingapjónustan notast við vottað umhverfisstjórnunarkerfi (ISO eða EMAS) sem nær yfir þær ræstingar sem umhverfisstjórnunin nær yfir, er krafan uppfyllt í því kerfi.*



Skriflegar verkleiðbeiningar og upplýsingar um efnavöru.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Ef ræstingapjónustan notast við vottað umhverfisstjórnunarkerfi, skal skila inn afriti af vottorði og afrit af köflum sem ná yfir verkleiðbeiningar.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



**012 Upplýsingagjöf til viðskiptavina**Já  Nei 

Ef viðskiptavinur biður um upplýsingar um hvernig hægt er að minnka umhverfisáhrif ræstinganna, verður ræstingaþjónustan að geta lagt fram slík gögn. Upplýsingarnar geta verið skriflegt efni, upplýsingar um vefsíðu ræstingaþjónustunnar, námskeið fyrir starfsmenn eða aðrar tegundir gagna. Til að fá nánari vísbendingar um hvernig þessar upplýsingar gætu verið, sjá Viðauka 1 kafla 4.

*Ræstingaþjónustan verður að bjóða þá þjónustu að skipuleggja sorpflokkun fyrir viðskiptavininn og leggja til þá sorpflokka sem hægt er að nota við flokkun úrgangs.*



Lýsing á því hvernig upplýsingum er miðlað og yfirlit yfir mikilvægustu þætti upplýsinga sem gefnar eru viðskiptavinum.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

**8 Siðfræði/vinnuumhverfi og umhverfis- og gæðastjórnun****013 Kröfur yfirvalda**Já  Nei 

Ræstingaþjónustan verður að tryggja að viðeigandi reglugerðir og lög séu uppfyllt, þ.m.t. ákvæði um vinnuumhverfi, vinnuöryggi, hreinlæti og heilsufar. Norræna Umhverfismerkingin getur afturkallað leyfið ef þessi krafa er ekki uppfyllt.



Undirritað umsóknareyðublað.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

**014 Siðferðislegar kröfur**Já  Nei 

Umsækjandi verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera með virðisaukaskattsnúmer og atvinnurekandatryggingu og í Finnlandi þarf viðkomandi að vera "förskottsuppbördsregistrade".
- Fyrirtækið má ekki skulda skattgreiðslur fallnar í gjalddaga.
- Fyrirtækið verður að vera með samning eða borga fyrir starfsfólk sitt í verkalýðsfélag.
- Bókhald fyrirtækisins verður að vera staðfest af endurskoðanda.

Ef fyrirtækið fylgir ekki ráðleggingum og ákvörðunum sem gilda um starfsemi þess samkvæmt lögum, vinnulöggjöf eða neytendalöggjöf getur Norræna umhverfismerkingin afturkallað leyfið.

- Allir starfsmenn verða að fá afhent sýnileg nafnspjöld eða viðskiptaspjöld þannig að viðskiptavinurinn geti auðkennt þann einstakling sem framkvæmir þjónustuna.

Eftirfarandi á við í tilfellum þar sem ræstingaþjónustan notar undirverktaka fyrir hluta ræstinganna eða notar tímabundna starfsmenn til að vinna meira en 30% af ræstingavinnunni:

- Undirverktaki eða tímabundinn starfsmaður verður að vera með samning við verkalýðsfélag fyrir starfsmenn sína.
- Undirverktaki eða tímabundinn starfsmaður verður að vera skráður með virðisaukaskattsnúmer og greiða skyldubundnar tryggingar atvinnurekanda.
- Ræstingarnar verða að vera framkvæmdar af eigin starfsfólki undirverktaka.
- Undirverktaki má ekki ráða annan undirverktaka.



Sjá Viðauka 5 Skjalfesting og skráning krafna O14.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

## 015 Þjálfun starfsfólks

Eru kröfur uppfylltar?

Já  Nei

Ræstingapjónustan verður að vera með áætlun til staðar um þjálfun starfsfólks sem byggir á eftirfarandi grundvallaratriðum:

- Aðferðir kynntar, vörur, tæki og vélbúnaður.
- Upplýsingar um meðhöndlun úrgangs.
- Kynning á málefnum er snerta heilsu, öryggi og umhverfi.
- Þjálfun í vistakstri fyrir starfsmenn eins og t.d. eftirlitsaðila, og ræstingafólk sem þarf að ferðast daglega á milli viðskiptavina.

Þjálfunaráætlunin verður að tilgreina markmið um hvenær þarf að ljúka þjálfun og hvaða hópar starfsfólks skulu hljóta slíka þjálfun. Áætlunin til að þjálfna nýtt starfsfólk verður að tilgreina hversu fljótt starfsmaður skal ljúka þjálfun eftir að hann hóf störf hjá ræstingapjónustunni.

Einnig skal skila inn stuttri lýsingu á innihaldi þjálfunarnámskeiðsins.

Skipulögð þjálfun getur orðið styttri þegar um er að ræða starfsfólk sem hefur þegar fengið þjálfun í ræstingum eða hefur hagnýta reynslu innan ræstingageirans.

Ef ræstingapjónustan notar tímabundið starfsfólk í meira en 30% af umhverfsvottaðri ræstingapjónustu, verður ræstingapjónustan að tryggja að tímabundið starfsfólk hafi einnig fengið nægilega þjálfun.

Nota má ráðleggingar frá EFCI og UNI-Europa varðandi þau svið sem þarf að þjálfna. Sjá Viðauka 1, kafla 5.



Þjálfunaráætlun.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Tilgreining á notkun á tímabundnu starfsfólki í ræstingapjónustu sem er merkt með Norrænu umhverfismerkingunni. Ef þessi notkun fer yfir 30%, verður þjálfunaráætlun að innihalda lýsingu á þeim ráðstöfunum sem tryggja að tímabundið starfsfólk hafi einnig fengið viðunandi þjálfun.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

## 016 Kröfur um gæðastjórnun fyrir ræstingapjónustu

Já  Nei

A. Leyfishafi verður að útbúa lýsingu á skipulagi ræstingapjónustunnar. Ákveðinn tengiliður, sem er ábyrgur fyrir samskiptum við Norrænu umhverfismerkinguna, verður að vera skráður.

B. Ræstingapjónustan verður að tryggja eftirfarandi með verkferlum eða með leiðbeiningum sem mynda hluta af gæðakerfi:

- að allar kröfur viðmiða um umhverfsvottun séu uppfylltar, einkum
- þegar um er að ræða breytingar er tengjast leyfinu, kvartanir og frávik, að kerfið sem stjórnar gæðum (ræstinga) hjá hinni umhverfsvottuðu ræstingapjónustu haldi áfram að uppfylla það sem segir í innsendum gögnum.

Nánari upplýsingar er að finna í Viðauka 4.

Gæðakerfið má gjarnan vera hluti af núverandi kerfi hjá ræstingapjónustunni. Fram þarf að koma hvað stendur í viðkomandi kröfum, og skal það tilgreint í Viðauka 4.

Ræstingapjónustunni.



Lýsing á skipulagi fyrirtækisins / skipurit þ.m.t. undirverktakar og birgjar sem starfa fyrir hinn umhverfismerкта þjónustuaðila.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Framkvæmt sjá Viðauka 4. Ef fyrirtækið hefur þegar kerfi til staðar sem uppfyllir kröfurnar hér að ofan, þá má nota það kerfi.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

## 017 Ársskýrsla

Eru kröfur uppfylltar?

Já  Nei

Verkferli verða að vera til staðar hjá ræstingaþjónustunni til að hægt sé að setja upp ársskýrslu yfir neyslu. Síðasta ársskýrsla mun alltaf verða grunnur til að ákvarða hvort ræstingaþjónustan uppfyllir kröfur Svansins.

Ársskýrslan verður að lágmarki að innhalda upplýsingar þær sem krafist er skjalfestra vegna umhverfiskrafna Svansvottunar fyrir ræstingaþjónustu, sjá dæmi í Viðauka 4, kafla 4.

Ræstingaþjónustan verður að skila inn ársskýrslu í fyrsta skipti með umsókn sinni og eftir það verður ársskýrsla alltaf að vera tiltæk hjá fyrirtækinu á meðan leyfið er í gildi. Ef ársskýrslan sýnir að aðstæður ræstingaþjónustunnar hafi breyst í tengslum við að uppfylla kröfur og viðmið, verður að hafa samband við Norrænu umhverfismerkinguna. Sjá O16 hvað varðar breytingar og frávik.

Norræna umhverfismerkingin getur óskað þess síðar að fá að skoða ársskýrslur við vettvangsskoðun í tengslum við eftirfylgni og eftirlit.

Ársskýrslurnar verður að varðveita á meðan að leyfið er í gildi.

Ef ræstingaþjónustan er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi (ISO eða EMAS) sem nær yfir hinar Svansvottuðu ræstingar, má nota upplýsingar úr umhverfisskýrslu eða umhverfisyfirliti sem dagbók. Þetta á við ef aðferðin við að safna upplýsingum er sú sama og í viðmiðum fyrir Svansvottaðaræstingaþjónustu. Það sama á við ef fyrirtækið heldur grænt bókhald eða samsvarandi. Í Svíþjóð og Finnlandi kallast grænt bókhald yfirleitt að gera "umhverfisskýrslu". Í Noregi eru umhverfisupplýsingar teknar með í hefðbundnum ársskýrslum fyrirtækja. Umhverfisskýrslur frá hinu norska "Miljøfyrtårnbedrifter" eru samþykktar.



Verkferli við að undirbúa ársskýrslu. Ef ræstingaþjónustan er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi, skal skila inn afriti af vottorði um umhverfisstjórnun.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Við vettvangsskoðanir verða framkvæmdar kannanir til að sannreyna að skjöl sem styðja við upplýsingar í ársskýrslu séu skráð í dagbækur.

## 018 Skjalfesting á kröfum Svansins

Já  Nei

Öll skjöl er snerta Svansleyfið verða að vera tiltæk í húsakynnum leyfishafa.



Slíkt er athugað við vettvangsskoðun.

## 019 Markaðssetning

Já  Nei

Markaðssetning verður að vera í samræmi við kafla um "Markaðssetningu" og "Hönnun Norræna umhverfismerkisins". Einnig þarf að uppfylla „Reglur um norræna umhverfismerkingu á vörum“.

Starfsfólk sem starfar við markaðssetningu verður að fá upplýsingar um þessar reglur og kröfur er varða umhverfismerkið.

Það er nauðsynlegt að ræstingaþjónustan greini í markaðssetningu sinni á milli sérhæfðrar ræstingaþjónustu, annarrar þjónustu og umhverfivottaðrar þjónustu. Vegna þessa verða umsækjendur að skila inn stuttu lýsingu á veittri þjónustu, þ.m.t. á sérhæfðri ræstingaþjónustu og þjónustu sem fellur ekki undir Svaninn.



Undirrituð yfirlýsing um þekkingu á viðmiðum og „Reglur um norræna umhverfismerkingu á vörum“ o.s.frv. Nota skal Viðauka 7.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Ef við á, skal skila inn uppkasti af markaðssetningarefni ræstingaþjónustunnar.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_



Stutt lýsing á annarri þjónustu en ræstingaþjónustu sem þjónustuaðili veitir.

Viðauki nr. \_\_\_\_\_

## Markaðssetning

Norræna Umhverfismerkið, Svanurinn, er vörumerki sem nýtur mikillar virðingar og trúverðugleika innan Norðurlandanna. Á meðan leyfið er gilt, verður að markaðssetja hina Svansvottuðu vöru/þjónustu með því að nota Svansmerkið.

Birta verður merkið á þann hátt að enginn vafi leiki á hvers merkið vísar til og að um umhverfissvottaða ræstingaþjónustu sé að ræða.

Nánari upplýsingar um markaðssetningu er að finna í ”Reglum um norræna umhverfismerkingu á vörum” frá 22. júní 2011 eða í síðari útgáfum.

## Hönnun Svansmerkisins

Hönnun Svansmerkisins er eftirfarandi:



Leyfi númer XY

Sérhvert leyfi fær sérstakt leyfisnúmer sem þarf að birta ásamt merkingunni. Nánari upplýsingar um hönnun merkisins er að finna í ”Reglur um norræna umhverfismerkingu á vörum”.

Skýringartexti (tilgreindur á myndinni sem XY) getur verið einn af eftirfarandi textum:

Danska:	Rengøring
Sænska:	Städtjänst
Finnska:	Siivouspalvelu
Norska:	Renhold
Íslenska:	Ræstingaþjónusta
Enska:	Cleaning Service

Norræna umhverfismerkingin getur samþykkt ítarlegri texta (t.d. ef ræstingaþjónustan er með leyfi fyrir ákveðinn stað einvörðungu).

## Eftirlit til eftirfylgni

Norræna umhverfismerkingin getur kannað hvort ræstingaþjónustan heldur áfram að uppfylla kröfur Svansins eftir að leyfi hefur verið veitt. Þetta getur verið á formi vettvangsskoðunar eða með beiðni um að ræstingaþjónustan skili inn nýjustu ársskýrslu.

Vettvangsskoðun og eftirfylgni getur náð til allra krafna í viðmiðunarskjölum og er hægt að skoða alla hluta þjónustunnar.

Leyfið getur verið afturkallað ef í ljós kemur að ræstingaþjónustan uppfyllir ekki kröfur.

## Endingartími leyfis/vottunar

Norræna Umhverfismerkingin tók upp viðmið fyrir ræstingaþjónustur þann 17. mars 2009 og þær munu gildi þar til 30. júní 2012.

Á fundi stjórnenda þann 17. september árið 2009 var ákveðið að breyta kröfu O8. Breytingin leiddi til útgáfu 2.1 af viðmiðunum.

Á fundi stjórnenda þann 11. maí 2011 var ákveðið að framlengja viðmiðin í tvö ár. Breytingin leiddi til útgáfu 2.2 af viðmiðunum.

Nefnd Norræna umhverfismerkisins ákvað þann 9. október 2012 að gera breytingar á kröfum O6, O7, O8, P5, P7 og O16. Það var einnig ákveðið að framlengja viðmiðin um tvö ár. Þessi nýja útgáfa er útgáfa 2.3 og gildir hún til 30. júní 2016.

Svansvottunin og leyfið gildir á meðan kröfur eru uppfylltar og þangað til kröfur og viðmið hætta að gilda. Hægt er að breyta kröfum eða auka þær. Ef það gerist verður leyfið endurnýjað sjálfkrafa og leyfishafi verður látinn vita.

Eigi síðar en ári áður en viðmið leyfishafa falla úr gildi skal upplýsa leyfishafa um það hvaða viðmið muni gilda eftir að þau fyrri falla úr gildi.

## Ný viðmið

Áður en þessi útgáfa viðmiðanna verður endurskoðuð skal meta eftirfarandi þætti.

- Efnavöru
- Orkunotkun og akstur og/eða flutninga
- Magn úrgangs

Einnig mun Norræna umhverfismerkingin kanna möguleika á því að setja þær kröfur að leyfishafar bjóði upp á ilmefnalaus þrif.

## Útskýring hugtaka

**Aukabúnaður og tæki**

Allur hjálparbúnaður nema vélar og efnavara sem notuð eru til þrifa og léttis viðhalds, þ.m.t. klútar, moppur, burstar, fötur og ræstingavagnar.

**Efnavara**

Safnheiti yfir efnasambönd sem eru annaðhvort á fljótandi eða föstu formi, efnasambönd til hreinsunar og vörur sem eru notaðar til að þvo/hreinsa og viðhalda aukabúnaði og tækjum. Taflan í Viðauka 2 Efnavara notuð í þrifum, sýnir dæmi um vörur sem eru notaðar við ræstingar og falla undir þennan flokk.

**Þrif**

Að halda hreinu.

**Óhreinindi**

Óhreinindi draga úr gildi notkunar þeirra yfirborðsflata sem um ræðir.

**Húsgögn**

Húsgögn og tæki og annar stór búnaður sem er ekki hluti af byggingunni eða flutningatækjum, t.d. borð, stólar, ruslatunnur, lampar, þ.m.t. loftljós, hreinlætistöki, ísskáp, þvottavélar, uppþvottavélar, strimlagluggatjöld, rimlagluggatjöld, ofnar, kítartöflur- og hillur, færanleg skilrúm, bókahillur, skápar, myndir, lausir speglar og gluggasýllur.

**Rými innandyra**

Yfirborð búnaðar og gólfs, veggja og lofts í byggingum og farartækjum.

**Vélar**

Öll tæki sem eru notuð til þrifa, þ.m.t. ryksugur, bónvélar, samsettar vélar, teppahreinsivélar.

**Viðhald**

Þjónusta er felur í sér umhirðu á yfirborði gólfs (t.d. þegar verið er að bóna) með það í huga að vernda eiginleika er hrinda burt óhreinindum, auka gljáa, koma í veg fyrir hálfu og/ eða varðveita vörn flatarins gegn stöðurafragnum. Yfirborðsmeðhöndlun sem felur í sér varanlegri þekju eins og málun eða lökkun telst ekki til viðhalds.

**Fjöldi m<sup>2</sup> sem eru þrífir á ári**

Þetta er grunnur til útreikninga á ýmsum atriðum í þessum viðmiðum. Til að mynda notar Norræna umhverfismerkingin þessa einingu fyrir notkun efnavöru og úrgangsmýndun. Þessi eining er notuð því iðnaðurinn notar fjölda þrífanna fermetra í samningum sínum. Fjöldi þrífanna fermetra á ári er reiknaður út eins og var lýst í Viðauka 1, kafla 2.

<b>Stórhreingerning</b>	Þrif sem ekki eru framkvæmd reglubundið og sjaldnar en hefðbundnar ræstingar. Verk sem falla undir stórhreingerningu eru þrif á lofti, veggjum og viðhald gólfflata.
<b>Ræstingaþjónustan</b>	Fyrirtækið, deild þess eða opinber aðili sem framkvæmir ræstingarnar.
<b>Starfsmaður</b>	Sá aðili sem framkvæmir ákveðið verkefni við ræstingar.
<b>Sérhæfðar ræstingar</b>	Norræna umhverfismerkingin flokkar eftirfarandi tegundir þrifa sem sérhæfðar ræstingar:
<b>Endurnýjun húsnæðis</b>	(þ.e. það að fjarlægja asbest og myglusvepp), hreinsa upp eftir slys (þ.m.t. flóð og eldsvoða), hreinsun loftræstikerfa, hreinsun á iðnaðarhúsnæði (þ.m.t. húsnæði sem er notað sem hreinsiklefar, á húsnæði sem er notað til framleiðslu í matvæla- og landbúnaðariðnaði), hreinsun bygginga (þ.m.t. hreinsun fyrir og eftir byggingu húsa, hreinsun í hreinsiklefum eða á skurðstofum, einkum þar sem nota þarf sérstök hreinsiefni.
<b>Staðlaðar ræstingar</b>	Ræstingar sem eru framkvæmdar reglulega og oft (daglega eða einu sinni í mánuði).
<b>Viðskiptavinurinn</b>	Aðilinn, fyrirtækið eða opinberi aðilinn sem tekur á móti þjónustunni. Samningur er oft gerður á milli viðskiptavinar og þjónustuaðila og hann tilgreinir þau verk sem vinna skal sem og gæðastig þeirra.

## Viðauki 1 Eftirlit, útfærslur og leiðbeiningar, 4 bls.

### 1 Stjórn

Norræna umhverfismerkingin framkvæmir eftirlit í samræmi við ”Reglur um norræna umhverfismerkingu á vörum”. Þetta þýðir að innihald umsóknar er metið í samræmi við þær leiðbeiningar sem eru uppgefnar fyrir skráningu á einstaka kröfum.

Farið er í eftirlitsheimsóknir/vettvangsskoðanir hjá ræstingaþjónustunni og/eða á starfsstöðvum þar sem verklag er borið saman við skriflegu umsóknina. Eftir leyfisveitingu fer einnig fram eftirlit, þó mis umfangsmikið (sjá hér að neðan).

Eftirlitsheimsókn felur yfirleitt í sér eftirlit með eftirfarandi þáttum:

- gerð ársskýrslu (sjá t.d. kröfu O17 og Viðauka 4 Almennar kröfur) ræstingaþjónustunnar,
- verkferli og leiðbeiningar skulu vera tiltækar hjá ræstingaþjónustunni til að tryggja að kröfur umhverfismerkisins séu uppfylltar,
- efnavara sem er í notkun á völdum starfsstöðvum er sú sama og nefnd er í umsókninni,
- upplýsingar um efnavöru, skömmunartæki eru til staðar og verkleiðbeiningar og öryggisblöð eru til staðar á völdum starfsstöðvum.

Eftirfarandi upplýsingar verða að vera til skjalfestar hjá ræstingaþjónustunni á meðan leyfið er í gildi, og það þarf að vera mögulegt fyrir Norrænu Umhverfismerkinguna að nálgast þær í tengslum við eftirlit hjá sem og við úrvinnslu umsóknar:

- afrit af útfylltri umsókn með öllum fylgiskjölum,
- staðreyndir/útreikningagrunnur fyrir þau skjöl sem eru send inn í tengslum við vinnslu umsóknar,
- skráningar á áætluðum breytingum og ófyrirséðum frávikum,
- allar tilkynningar um kvartanir og staðhæfingar er snerta umhverfismerktu þjónustuna,
- ársskýrsla sem sannreynir að kröfur séu uppfylltar.

### 2 Dæmi um útreikning: m<sup>2</sup> þrifnir á ári

#### Reglubundin hreingerning

Ef samningur liggur fyrir er hægt að fá upplýsingar um fjölda fermetra þrifna á ári úr upplýsingum um gólfflatarmál og fjölda hreingerningardaga á ári sem samningurinn tilgreinir. Til dæmis:

$$\text{Fjöldi þrifinna fermetra á ári úr samningi} = \mathbf{n} \times \mathbf{d}$$

þar sem **n** er meðaltal fermetra á hverjum degi og **d** er fjöldi ræstingadaga á ári.

Ef önnur húsakynni sem falla undir sama samning eru með aðra ræstingartíðni, má umsækjandi nota vegið meðaltal fyrir fjölda fermetra sem þrifnir eru á hverjum degi.



*Dæmi:* Skrifstofa upp á 1000 fermetra fellur undir samning, þar sem snyrtingin er þrífín 5 sinnum í viku en skrifstofurnar 2 sinnum í viku. Ef snyrtingin nær yfir 4% (t.d. 40 fermetra) heildar svæðisins, þá er meðaltal fjölda fermetra á degi hverjum (**n**) :

$$n = (40 \times 5 + 960 \times 2) / 5 = 424 \text{ fermetrar á dag}$$

Ef samningurinn tilgreinir 235 ræstingardaga á ári (d), þá er fjöldi fermetra sem er þrífinn á ári hverju  $235 \times 424 = 99,640$  fermetrar fyrir þennan ákveðna samning.

## Stórhreingerning og viðhald gólfa

Fyrir hvern samning leggur umsækjandi saman fjölda þrífínna fermetra sem falla undir stórhreingerningu og/eða viðhald, og þau fjölda skipta sem þetta er gert á ári. Fjöldi þrífínna fermetra á ári innan stórhreingerningar og viðhaldi á gólfum er heildarfjöldi fermetra úr öllum slíkum samningum. Ef stórhreingerningar eru til dæmis framkvæmdar annað hvert ár er árlegur fjöldi fermetra helmingurinn af þeim fjölda fermetra sem samningurinn nær yfir.

### Heildarfjöldi þrífínna fermetra yfir árið

Umsækjandi leggur saman fjölda þrífínna fermetra á ári sem eru í öllum samningum og finnur heildartöluna.

## 3 Dæmi um umhverfismerkt efni

Umhverfisvottuð efnavara hefur leyfi eða samsvarandi fyrir umhverfisvottunarkerfi af gerð 1 (sem uppfyllir ISO 14000 staðla). Slíkt kerfi byggir á lífsferlilsgreiningu, er óháð og opinberlega viðurkennt. Sjá dæmi í töflunni hér að neðan:

Vöruflokkur	The Nordic Ecolabel	The EU Ecolabel	Bra Miljöval (Good Environmental Choice)
Hreinsiefni (Hreinlætisvörur/ almennar vörur)	X	X	X
Uppþvottalögur	X	X	X
Gólfhreinsivörur	X		
Ræstiefni fyrir iðnað	X		
Hreinsiefni fyrir klæði/ textíl	X	X	X

## 4 Dæmi um upplýsingar til viðskiptavinar

Upplýsingar geta varðað:

- hvernig viðskiptavinurinn með hjálp starfsfólks, getur dregið úr þörfinni á sorppokum og ruslatunnum,
- hvernig viðskiptavinurinn getur vaktað þörfina fyrir þær vörur sem ræstingabjónustan ber ábyrgð á, t.d. þvottapurrkur, pappírspurrkur, sápuskammtara o.s.frv.,

- hvernig húsnæði viðskiptavinar og hegðun hefur áhrif á þörfina fyrir þrif og skilvirkni þrifa, t.d. mottur við innganginn, loftræstikerfi sem virkar o.s.frv.,
- möguleika á að koma á þrifum sem byggjast á raunverulegri þörf í stað reglubundinna þrifa,
- kröfur staðbundinna yfirvalda um söfnun og flokkun úrgangs, þ.m.t. flokkun við uppsprettu og endurheimt/endurnotkun.

## 5 Dæmi um þjálfun

Eftirfarandi listi sýnir dæmi um málefni sem hægt er að fjalla um við þjálfun og dæmi um útfærslur. Eftirfarandi einingar samsvara að miklu leyti ráðleggingum frá EFCI og UNI-Europa.

1. Þrif á mismunandi gerðum húsgagna.
2. Þrif gólfflata.
3. Þrif á snyrtingu og baði/salernum/sturtum.
4. Auðkenning og flokkun úrgangs í viðeigandi flokka, t.d. plast, gler, mál, lífrænn, ólífrænn úrgang o.s.frv.
5. Orsakatengsl sem geta verið á milli vals á hreinsiefni, skammtastærðum, röngu verklagi og áhrif á notkun auðlinda og losun út í umhverfið.
6. Heilsa og öryggi starfsmanna við val á hreinsiefnum, skipulagningu og framkvæmd ræstinga. Öryggisákvæði. Vinnuálag vegna rangra verkferla og rangrar meðhöndlunar á hreinsiefnum.
7. Skilvirkni í samskiptum við fólk á vinnustað.
8. Kynning á eigin fyrirtæki.
9. Þróun í starfi.

Eftirfarandi tafla sýnir útfærslur á völdum atriðum. Mörg atriðanna eiga bæði við um stjórnendur og undirmenn.

Atriði til umfjöllunar	Atriði	Útskýring
<b>Tækni</b>	Þekking á ræstingataækjum- og tækni sem beitt er	Skipulag á viðeigandi verkferlum til að mæta óskum viðskiptavina og ræstingarátætlun.
	Sérþekking á efnasamböndum, hreinsiefnum og efnavöru), sem og hugtökum eins og sýrustig (pH) og harka vatns	Val hreinsiefna byggt á magni óhreininda, yfirborði, umhverfiskröfum og hreinlætiskröfum. Hvað varðar umhverfið, skal veita þjálfun í að þekkja orsakasamhengi á milli vals á hreinsiefni, skammtastærðum, röngum verkferlum og áhrifum á notkun auðlinda og losun út í umhverfið. Það verður að kenna um innihald og beitingu hreinsiefna.
	Efni til að hirða um gólf/veggi og húsgögn.	Geta til að auðkenna yfirborðsefni (t.d. línóleum, plast, steypa, terrazzo flisar o.s.frv.) og velja rétt hreinsiefni eða meðhöndlunaraðferð og framkvæma rétta tækni við hreinsun.
	Skemmdir og slit	Geta til að skrá skemmdir, raka o.fl. til að geta sent tilkynningu til ábyrgðaraðilaum er sem sjá um viðhald á byggingunni.
	Gæðatrygging	Geta til að meta gæði vinnunnar sem framkvæmd var og til að gera ráðstafanir til að hreinsa rétt í samræmi við ræstingaáætlun og kröfur viðskiptavina.
		Að þekkja gæðakerfið.
<b>Ytra umhverfi</b>	umhverfinu	Þjálfun í viðeigandi lögum/reglugerðum- og landslistum yfir óæskileg innihaldsefni í hreinsiefnum. Fræðsla um orsakatengsl milli vals á hreinsiefnum, skammtastærð, röngu verklagi og áhrifum á notkun auðlinda og losun út í umhverfið.
	Svansvottun	Þjálfun í viðmiðunarkröfum Norræna Umhverfismerkisins fyrir ræstingaþjónustu.
	Umhverfisvænn akstur	Þjálfun í vistakstri, og skipulagi ferða.
<b>Vinnu-umhverfi</b>	Vinnuumhverfi, öryggi og vinnuvernd	Þjálfun í öryggisákvæðum, er tengjast vinnuumhverfi, löggjöf, hættuflokkun og leiðbeiningum birgis og leiðbeiningum á vinnustað o.s.frv. til að tryggja viðunandi persónulegt öryggi við framkvæmd ræstinga.
	Vinnuvistfræði og vinnuumhverfi	Samhengi milli rangs verklags, vinnuumhverfis, vinnustellinga og atvinnutengdra sjúkdóma. Þjálfun í réttu verklagi fyrir þá vinnu sem framkvæmd er.
	Skipulag vinnunnar	Að teikna upp og skipuleggja ræstingaáætlun, að pakka í ræstingavagna, skipuleggja vinnuna í samræmi við ræstingaáætlun, gæði, vaktir, þyngd vagnsins o.s.frv.
<b>Þjónusta</b>		Þjónusta við viðskiptavini og samskipti.
<b>Stjórnun/ yfirmenn</b>		Leiðbeinandi tækni fyrir þá er stjórná þrifum, fjármálum og kostnaðarútreikningum, sálfræði vinnustaðar, mannauðsstjórnun.

## Viðauki 2 Efnavara notuð í þrifum

Í töflunni hér að neðan eru birt dæmi um efnavöru sem nota má við ræstingaþjónustu samkvæmt Svaninum. Orðin eru tekin úr Städteknisk Ordlista, sem var gefinn út af Swedish Cleaning Federation árið 2002.

Danska	Sænska	Norska	Íslenska	Enska
Neutralt universal-rengörings-middel og håndopvaskemiddel	Allrengöringsmedel och handdiskmedel	Nøytralt universalrengjøringsmiddel og håndopvaskemiddel	Alhreinsir og uppþvottalögur	Neutral all purpose cleaners and washing up liquids
Grundrens	Grovrengöringsmedel	Alkalisk grovrengjøringsmiddel	Grunnhreinsir	Heavy-duty cleaners pH 9 – 14
Neutralt/alkalisk sanitetsrengöringsmiddel	Neutralt/alkalisk sanitetsrengöringsmedel	Nøytralt/alkalisk sanitærrengjøringsmiddel	Sóttahreinsir	Cleaners for sanitary facilities (pH 6,5 – 11)
Surt sanitetsrengöringsmiddel	Surt sanitets-rengöringsmedel	Surt sanitærrengjøringsmiddel	Súrt baðherbergis-hreinsiefni	Acid cleaner for sanitary facilities
Vaskeplejemiddel uden voks	Tvätt polish	Vaske polish	Gólf sápa (án gljáa)	Wash-and-shine floor cleaners
Vaskeplejemiddel med voks	Tvättvax	Vaskevoks	Gólf sápa (með gljáa)	Wash-and-wax floor cleaners
Brun sæbe	Grön sápa	Grønnsápe	Blautsápa	Brown soap, soap based floor cleaners
Spraypoleringmiddel	Spraypoleringsmedel	Spray polish	Viðhaldsbón	Cleaners for spray buffing
Impregneringsmiddel for mopper	Impregneringsmedel för moppar	Moppeimpregnerings-middel	Íbleytiefni fyrir moppur	Impregnants for mop cloth
Vaskemiddel	Tvättmedel	Vaskemiddel	Þvottaefni	Detergents
Plettfjerningsmiddel	Fläckborttagningsmedel	?	Blettahreinsir	Stain removers
Skurecreme	Skurkräm	Skurecreme	Ræstikrem	Scouring creams
Tæpperensemiddel	Tvättmedel för mattor	Tepperensemiddel	Teppahreinsir	Detergents for carpets
Grundpolish	Grundpolish	Grunn polish	Grunnbón	Sealers, primers
Gulvpolish	Golv polish	Gulv polish	Gólfbón	Floor finish
Polishfjerner	Polishborttagningsmedel	Polishfjerningmiddel	Bónleysir	Strippers
Overfladedesinfektions-middel	Yt desinfektionsmedel	Desinfeksjonsmiddel	Yfirborðsóttahreinsir	Hard surface disinfectants

### Viðauki 3 Efnavara og hráefni (05)

Þetta eyðublað skal nota til að gefa upplýsingar um efnavöru. Eyðublaðið er fáanlegt hjá Norrænu umhverfismerkingunni sem rafænt skjal. Ef umsækjandi er með útprentanir frá undirverktökum, má láta þær fylgja með og samantekin gögn má flytja frá útprentunum yfir í þetta eyðublað.

Birgir efnavöru	Heiti efnavöru	Notkun/ Notkunarvið efnis	Magn keypt fyrir ár (lítrar) Notkun t.d. á ári útprentanir frá birgir	Þykktar vörur Virkt innihald við a.m.k. 30%	Leyfis númer eða jafngilt ef efnavara er umhverfisvottuð
<b>Samtals</b>					

<b>Samtals efnavara (lítrar)</b>	
<b>Samtals umhverfisvottuð efnavara (lítrar)</b>	
<b>Hlutfall umhverfismerkrar efnavöru (%)</b>	
<b>Hlutfall þykktra efna(%)</b>	

## Viðauki 4 Umhverfis- og gæðastjórnun, 4 bls.

Verkferli ná yfir öll þrif/ræstingar sem eru framkvæmdar af ræstingabjónustunni fyrir utan sértæk þrif.

Staðsetning afrits af upphaflegri umsókn og allra annarra staðreyndaupplýsinga sem styðja við umsóknina.

---

Staðsetning gagna sem notuð hafa verið við gerð ársskýrslu (sjá kröfu O17):

---

### 1 Stjórn og ábyrgðarmenn Svansvottunarinnar (O16)

Tengiliður fyrir Svaninn: \_\_\_\_\_

Umhverfisstjóri: \_\_\_\_\_

Gæðastjóri: \_\_\_\_\_

Markaðsstjóri: \_\_\_\_\_

Starfsmannastjóri: \_\_\_\_\_

Gæðastjórinn ber ábyrgð á gæðakerfinu og gæðastjórnun.

### 2 Stjórn fyrirtækis (O16)

Greindu stuttlega frá því hvort það starfsfólk sem tilgreint er undir lið 1 sé staðsett í mismunandi deildum /einingum fyrirtækisins og ef svo er, hvernig þær deildir eru skipulagðar með tilliti til hvernar annarrar. Skipurit fyrirtækisins eða samsvarandi upplýsingar mega fylgja með.

---

---

---

---

---

---

---

---

### 3 Verkferli til að skrá, meðhöndla og tilkynna um ófyrirséð frávik, kröfur/kvartanir og skipulagðar breytingar

Markmið þessa verkferlis er að tryggja að kröfur Norræna Umhverfismerkisins séu áfram uppfylltar, þótt upp komi frávik, kvartanir eða breytingar.

Tengiliður er ábyrgur fyrir skráningu og meðhöndlun á ófyrirsjáanlegum frávikum og skipulögðum breytingum. Honum ber einnig að tilkynna slíkt til Norræna Umhverfismerkisins. Ábyrgð þessa má framselja til annarra.

## Breytingar

Ef áætlaðar eru breytingar á þeim gögnum sem mynda grunninn fyrir veitingu Svansvottunarinnar í upphaflegu umsókninni, verður tengiliður að hafa samband við Norrænu umhverfismerkinguna áður en breytingunni er hrint í framkvæmd. Dæmi eru breytingar í efnanotkun eða breytingar á verklagi við ræstingar.

Tengiliður verður að meta hvort breyting hefur áhrif á það að viðmiðunarkröfur séu uppfylltar. Bréfið til Norrænu umhverfismerkingarinnar verður að lýsa breytingunni og hvernig hún hefur áhrif á viðmiðunarkröfur Svansins. Til viðbótar verður tengiliður að láta fylgja útfyllt og undirritað umsóknareyðublað fyrir breytingu/framlengingu á leyfi.

Breytinguna má einungis framkvæma eftir að svar hefur borist frá Norrænu umhverfismerkingunni. Tengiliður verður að tryggja að öll samskipti við Norrænu umhverfismerkinguna séu skráð og sett í möppu skv. skjalastjórnun með upprunalegu umsókninni.

---

---

---

## Frávik

Ef upp koma ófyrirséð frávik sem hafa áhrif á getu fyrirtækisins til að uppfylla umhverfisviðmiðin, þá verður tengiliður strax að hafa samband við Norrænu umhverfismerkinguna skriflega eftir að frávik hefur komið fram. Tengiliður skal ákvarða í fyrsta lagi hvort frávik hefur áhrif á hvort viðmiðunarkröfur séu uppfylltar eða ekki. Eitt dæmi um frávik væri þegar ársskýrslan sýnir að kröfur eru ekki lengur uppfylltar. Tengiliður verður alltaf að skila fráviksskýrslu ef þess er krafist af Norrænu umhverfismerkingunni.

Fráviksskýrslan verður að innihalda lýsingu á eðli fráviksins:

- lýsingu á umfangi þess,
- lýsingu á því hvernig frávik átti sér stað,
- upplýsingar um ráðstafanir sem hafa verið gerðar til þess að laga frávik og
- áætlun til að forðast svipuð frávik í framtíðinni.

Ef áætlunin inniheldur breytingar er tengjast upphaflegu umsókninni, verður tengiliður að meðhöndla frávik eins og um áætlaða breytingu sé að ræða.

Tengiliður verður að tryggja að öll samskipti við Norrænu umhverfismerkinguna séu skráð og sett í möppu skv. skjalastjórnun með upprunalegu umsókninni.

---

---

---

## Kvartanir

Gæðastjóri skal tryggja að kerfi sé til staðar til að meðhöndla kvartanir og kröfur sem gerðar eru. Kerfið þarf að vera uppbyggt á þann hátt, að ef ástæður kvartana eða krafna kalla á breytingar, skal tengiliður upplýstur um það svo hann/hún hafi tækifæri til að koma breytingunum á í samræmi við það sem nefnt er hér að ofan (sjá Breytingar).

---

---

---

## 4 Verkferli við skráningu (O17)

Markmið þessa verkferlis er að tryggja rétta skjalaskráningu og rétta samantekt ársskýrslu.

Tengiliður við Norrænu umhverfismerkinguna ber ábyrgð á skráningu gagna og samantekt ársskýrslu. Á meðan leyfið fyrir umhverfismerkinu er í gildi þarf tengiliður að taka saman ársskýrslu (viðmiðunarskjal um ræstingaþjónustu) einu sinni á ári. Þessa ábyrgð má framselja til annarra.

Tengiliðurinn verður að rannsaka hvort breytingar hafi átt sér stað með tilliti til umsóknarinnar og hvort fyrirtækið uppfylli ennþá kröfur umhverfisevntunnarinnar. Ef ekki, verður breytingin meðhöndluð sem frávik (sjá verkferli 3). Tengiliður verður að tryggja að ársskýrslur séu geymdar á sama stað og upprunalega umsóknin svo lengi sem leyfið fyrir umhverfisevntuninni er í gildi.

Tengiliðurinn verður að tryggja að skjalfesting eins og árlegar útprentanir frá birgjum, reikningar og útprentanir úr bókhaldskerfi, fylgi umsókninni á meðan leyfi um umhverfismerki er í gildi, til að Norræna umhverfismerkingin geti skoðað fylgiskjöl ef við á.

---

---

---

Ársskýrsla verður að lágmarki að innihalda upplýsingar um eftirfarandi svið, til að sanna áframhaldandi uppfyllingu krafna Norræna Umhverfismerkisins:

1. Tilkynna skal um þann fjölda fermetra gólfplatnar sem þrífinn er á ári (eining: m<sup>2</sup>)
2. Heildarnotkun efnavöru á einu ári. (Eining: ml efnavöru/m<sup>2</sup>) *Tilgreining punkta fyrir heildarnotkun efnavöru (Krafa P1)*
3. Hlutfall umhverfismerkrar efnavöru sem notuð er á einu ári. (Eining: % af heildarnotkun efnavöru) *Tilgreining punkta fyrir hlutfall umhverfismerkrar efnavöru (Krafa P2)*
4. Hlutfall þykktra efna sem notuð eru á einu ári (minnst 30% virkt efni í innihaldi). (Eining: % af heildarnotkun efnavöru) *Tilgreining punkta fyrir hlutfall þykktra efna (Krafa P3)*
5. Eldsneytisnotkun til flutninga eða skilvirkni eldsneytisnotkunar á einu ári. (Eining: annað hvort ml eldsneyti/m<sup>2</sup> eða lítrar eldsneytis/100 km) *Tilgreining punkta fyrir akstur (Krafa P4 eða P5)*



6. Heildarnotkun sorppoka á einu ári. (Eining: mg pokar/m<sup>2</sup>.  
*Tilgreining punkta fyrir sorppoka (Krafa P6)*)
7. Notkun umhverfismerkra vara á einu ári í samræmi við kröfur P9 og P10

## 5 Verkferli við gæðastjórnun ræstinga (010)

Markmið þessa verkferlis er að tryggja að þrif séu framkvæmd í samræmi við gæðastjórnunarkerfið.

Gæðastjórinn ber ábyrgð á gæðastefnu og verkferlum fyrir stjórnun og eftirlit. Þessa ábyrgð má framselja til annarra.

Gæðastjóri skal tryggja að allar breytingar á stefnu og verkferlum séu meðhöndlaðar sem skipulagðar breytingar í samræmi við verkferli 3 í þessum Viðauka.

---

---

---

Dagsetning::	Heiti fyrirtækis:
Undirskrift ábyrgs aðila:	Skrifið aftur með prentstöfum:

## Viðauki 5 Skjalfesting og skráning krafna 014

### Skráning kröfu 014 innan einstaka Norðurlanda.

- Í Danmörku: Afrit af skráningu sem staðfestir virðisaukaskattsúmer og að atvinnurekandi greiði lögbundnar tryggingar ásamt skráningarnúmeri fyrirtækis.

Í Svíþjóð: Afrit af útfylltu eyðublaði frá skattayfirvöldum (SKV 4820).

Í Noregi: Skattavottorð.

  - Frá Ríkisskattstjóra (Form 1244): Vottorð um virðisaukaskatt
  - Frá skattstjóra í hverju umdæmi: skjalfesting á greiðslu lögbundinna trygginga atvinnurekenda. Dæmi fyrir sveitarfélagið Oslo: <https://lextra.oslo.kommune.no/app/snok/kem/kem001/>

Í Finnlandi: Yfirlit frá FODS (Tax Administration) upplýsingaþjónustunni ([www.ytj.fi](http://www.ytj.fi))

Á Íslandi: Staðfestingu á VSK númeri frá Ríkisskattstjóra.
- Í Danmörku: Vottorð frá SKAT um að fyrirtækið sé ekki í skuld við skattayfirvöld.

Í Svíþjóð: Afrit af nýjasta skattframtali fyrirtækisins frá skattayfirvöldum.

Í Noregi: Öll frávik koma fram á skattframtali, sjá lið 1 hér að ofan.

Í Finnlandi: Yfirlýsing um að fyrirtækið sé ekki í skuld við skattayfirvöld.

Á Íslandi: Yfirlýsing um skil frá Tollstjóra
- Í Danmörku: Annað hvort staðfesting á aðild að félagi atvinnurekenda eða afrit af samningi við verkalýðsfélag.

Í Svíþjóð: Staðfesting á aðild að félagi atvinnurekenda sem við á, t.d. Almega Tjänsteförbunden.

Í Noregi: Annað hvort staðfesting á aðild að félagi atvinnurekenda eða afrit af samningi við verkalýðsfélag.

Í Finnlandi: Yfirlýsing frá verkalýðsfélagi

Á Íslandi: Staðfesting á samningi við verkalýðsfélag fyrir starfsmenn.
- Afrit af endurskoðuðum reikningum síðasta árs.
- Engin gagnaskil í umsóknarferli Norræna umhverfismerkingin getur krafist þess að nauðsynlegum gögnum sé skilað inn ef það skiptir máli.
- Þetta er atriði sem skoðað er við vettvangsskoðun.

## Undirverktakar:

1. Í Danmörku: Annað hvort staðfesting á aðild að félagi atvinnurekenda eða afrit af samningi við verkalýðsfélag.

Í Svíþjóð: Staðfesting á aðild að félagi atvinnurekenda sem við á, t.d. Almega Tjänsteförbunden.

Í Noregi: Annað hvort staðfesting á aðild að félagi atvinnurekenda eða afrit af samningi við verkalýðsfélag.

Í Finnlandi: Yfirlýsing frá verkalýðsfélagi

Á Íslandi: Staðfesting á samningi við verkalýðsfélag.
2. Í Danmörku: Afrit af skráningu sem staðfestir virðisaukaskattsúmer og að atvinnurekandi greiði lögbundnar tryggingar ásamt skráningarnúmeri fyrirtækis.

Í Svíþjóð: Afrit af útfylltu eyðublaði frá skattayfirvöldum (SKV 4820)

Í Noregi: Skattavottorð.

  - Frá Ríkisskattstjóra (Form 1244): Vottorð um virðisaukaskatt
  - Frá skattstjóra í hverju umdæmi: Skjalfesting á greiðslu lögbundinna trygginga atvinnurekenda. Dæmi fyrir sveitarfélagið Oslo: <https://lextra.oslo.kommune.no/app/snok/kem/kem001/>

Í Finnlandi: Yfirlit frá FODS (Tax Administration) upplýsingaþjónustunni ([www.ytj.fi](http://www.ytj.fi))

Á Íslandi: Staðfesting á VSK númeri
3. Yfirlýsing frá undirverktaka um að vinnan sem unnin er fyrir umsækjanda sé framkvæmd af starfsfólki undirverktaka. Ennfremur skal undirverktaki votta að hann ráði ekki aðra undirverktaka til að vinna starf umsækjanda.

## Viðauki 6 Efni sem eru ekki umhverfismerkt, efni sem ekki mega vera til staðar

Útfyllt yfirlýsing sem kemur frá framleiðanda efnavörunnar:

Vöruheiti: \_\_\_\_\_

### Inniheldur efnavaran<sup>1</sup>:

Hvarfgjörn klórsambönd, til dæmis natríum hýpóklóríð?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
Lífræn klórsambönd, önnur en bensalkóníum klóríð?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
Bensalkóníum klóríð?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
Alkýlfenól etoxýlöt (APEO efni) og afleiður þeirra?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
Línuleg alkýl bensen súlfónöt (LAS efni)?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
EDTA, DTPA og NTA?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
Silfur-nanóagnir?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
Perflúoruð og pólýflúoruð alkýleruð efni (PFAS)?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
Metyl díbrómó Glútaronítríl (MG)?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
Optísk bleikiefni?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>

*1 Nema annað sé tekið fram, eru innihaldsefni talin vera öll efni vörunnar þ.m.t. aukefni í innihaldsefnunum sjálfum (þ.e. rotvarnarefni og bindiefni), en ekki hins vegar óhreinindi sem stafa frá framleiðsluferlinu sjálfu. Óhreinindi eru talin koma úr hráefnisframleiðslu efna sem eru innihaldsefni lokavörunnar. Þau skulu vera til staðar í styrkleika undir 100 ppm (0,0100 w/w%, 100 mg/kg), en ekki efni sem er bætt við hráefni eða vöru í ákveðnum tilgangi eða viljandi, án tillits til magns.*

Dagsetning:	Heiti fyrirtækis:
Undirskrift ábyrgs aðila:	Skrifið aftur með prentstöfum:

## Viðauki 7 Markaðssetning Svansvottaðrar ræstingaþjónustu

Við staðfestum hér með að við þekkjum reglur þær er gilda um notkun Norræna Umhverfismerkisins Svansins eins og þeim er lýst í ”Reglum um norræna umhverfismerkingu á vörum”, 22. júní 2011 eða seinni útgáfu, og við munum tryggja að markaðssetning hinnar Svansvottuðu ræstingaþjónustu verði framkvæmd í samræmi við þessar reglur.

Við staðfestum einnig að okkur er kunnugt um viðmiðunarkröfur fyrir Svansvottun ræstingaþjónustu.

Við skuldbindum okkur til að tryggja að þeir aðilar sem markaðssetja Svansvottuða ræstingaþjónustu innan fyrirtækis okkar, fái upplýsingar um viðmiðunarkröfur fyrir Svansvottun ræstingaþjónustu og Umhverfismerki ræstingaþjónustu og um ”Reglum fyrir Norræna umhverfismerkingu á vörum” frá 22. júní 2011 eða síðari útgáfum.

Staður og dagsetning:	Heiti fyrirtækis:
Tengiliður:	Sími:
Markaðsstjóri:	Sími:

Nýrri staðfestingu verður að skila inn til Norrænu umhverfismerkingarinnar ef breytingar verða á starfsmannahaldi þeirra starfsmanna er eru skráðir hér að ofan.

## Viðauki 8 Þýðingarlykill GHS (Hnattrænt samræmt kerfi)

Í eftirfarandi skjali er hinu nýja flokkunarkerfi ESB lýst:

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSING OG EVRÓPURÁÐSINS (EB) Nr. 1272/2008 þann 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og reglugerð (EB) Nr. 1907/2006.

Reglugerðin er í gildi og henni er innleidd í áföngum. Þegar reglugerðinni hefur verið framfylgt að fullu, verða leyfishafar að sýna fram á, að kröfum til efnavöru er tengjast þessari reglugerð sé framfylgt. Fram að þeim tíma er nýja reglugerðin tekur gildi að fullu, getur leyfishafi valið hvora flokkunaraðferðina er notast við.

Eftirfarandi lýsir kröfum okkar fyrir flokkun efnavöru samkvæmt nýju reglugerðinni. Við krefjumst þess vegna að allar vörur sem notaðar eru verði flokkaðar á eftirfarandi hátt:

(Ath. Það er framleiðandi efnavöru og sá er hefur mestar upplýsingar er ber ábyrgð á flokkuninni.)

Tafla 18: Þýðing á 06 til GHS

Flokkun	Hættuflokkar og hættusetningar Tilskipun um efnablöndur 1999/45/EEG	GHS
Hættulegt fyrir umhverfið	N með H50, H50/53 eða H51/53. H52, H53 eða H52/53 án N	Bráð eiturhrif gagnvart umhverfinu Flokkur 1, H400, Langvarandi eiturhrif gagnvart umhverfinu Flokkur 1, H410 Langvarandi eiturhrif gagnvart umhverfinu Flokkur 2, H411 Langvarandi eiturhrif gagnvart umhverfinu Flokkur 3, H412 Langvarandi eiturhrif gagnvart umhverfinu Flokkur 4, H413
Krabbameinsvaldandi	Krabbameinsvaldandi með H40, H45 og/eða H49	Krabbameinsvaldandi Flokkur 1A eða 1B, H350 Krabbameinsvaldandi Flokkur 2, H351
Stökkbreytandi	Stökkbreytandi með H46 og/eða H68	Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur Flokkur 1A eða 1B, H340 Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur Flokkur 2, H341
Eiturhrif á æxlun	æxlun með H60, H61, H62, H63 og/ eða H64	Eiturhrif á æxlun Flokkur 1A eða 1B, H360 og/eða H362 eða Eiturhrif á æxlun Flokkur 2, H361 og/eða H362
Mjög eitrað	Tx (T+ í Noregi)	Bráð eiturhrif Flokkur 1 með H300, H310 og/eða H330, Bráð eiturhrif Flokkur 2 með H300, H310 og/eða H330, Sértæk eiturhrif á markliffæri eftir stök váhrif Flokkur 1 með H370 og/eða Sértæk eiturhrif á markliffæri eftir stök váhrif Flokkur 2, með H371
Eitrað	T	Bráð eiturhrif Flokkur 3 með H301, H311 og/eða H331, Sértæk eiturhrif á markliffæri eftir stök váhrif Flokkur 1 með H370, Sértæk eiturhrif á markliffæri eftir stök váhrif Flokkur 2 með H371 og/eða Sértæk eiturhrif á markliffæri eftir endurtekin váhrif Flokkur 1, með H372
Skaðlegt heilsu	Xn (Undantekning: iðnaðarvörur geta verið merktar með H20, H21 og/eða H22 –ef pakkningin er hönnuð þannig að notandinn kemst ekki í snertingu við efnið)	Bráð eiturhrif Flokkur 4, með H312 og/eða H332, Sértæk eiturhrif á markliffæri eftir stök váhrif Flokkur 2, með H373 Ásvelgingarhætta Flokkur 1 með H304, og/eða Sértæk eiturhrif á markliffæri eftir stök váhrif Flokkur 3 með H335 og/eða H336
Ofnæmisvaldandi	Xn með H42 eða Xi með H43	Ofnæmisvaldur í öndunarfærum Flokkur 1, með H334 og/eða Ofnæmisvaldur á húð Flokkur 1, með H317

H300 Hættulegt við inntöku.

H300 Eitrað við inntöku.

H304 Getur verið lífshættulegt við inntöku eða ef berst í öndunarfæri/öndunarveg. H310 Hættulegt í snertingu við húð.

H311 Eitrað í snertingu við húð.

H312 Skaðlegt í snertingu við húð.

H317 Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð.

H330 Hættulegt við innöndun.

H331 Eitrað við innöndun.

H332 Skaðlegt við innöndun.

H334 Getur valdið ofnæmi, astmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun. H335 Getur valdið ertingu í öndunarvegi.

H336 Getur valdið syfju eða sundli.

H340 Getur valdið erfðagöllum <Skilgreina leiðir ef það hefur verið sýnt fram á að aðeins ein leið kemur til greina>.

H341 Veldur hugsanlega erfðagöllum <Skilgreina leiðir ef það hefur verið sýnt fram á að aðeins ein leið kemur til greina>.

H350 Getur valdið krabbameini <Skilgreina leiðir ef það hefur verið sýnt fram á að aðeins ein leið kemur til greina>.

H351 Veldur hugsanlega krabbameini <Skilgreina leiðir ef það hefur verið sýnt fram á að aðeins ein leið kemur til greina>.

H360 Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi eða barn í móðurviði <tilgreina áhrif, ef þekkt><Skilgreina leiðir ef það hefur verið sýnt fram á að aðeins ein leið kemur til greina>.

H361 Hefur hugsanlega skaðleg áhrif á frjósemi eða barn í móðurviði <tilgreina áhrif, ef þekkt> <Skilgreina leiðir ef það hefur verið sýnt fram á að aðeins ein leið kemur til greina>.

H362 Getur skaðað brjóstmylkinga.

H370 Veldur skaða á líffærum <eða tilgreina öll marklíffæri ef þau eru þekkt>

<Skilgreinið váhrif, ef sýnt hefur verið fram á að aðeins ein leið kemur til greina>.

H371 Veldur hugsanlega skaða á líffærum <eða tilgreina öll marklíffæri ef þau eru þekkt>

<Skilgreinið váhrif, ef sýnt hefur verið fram á að aðeins ein leið kemur til greina>.

H372 Veldur skaða á líffærum <eða tilgreina öll marklíffæri ef þau eru þekkt> við langvarandi eða endurtekin váhrif <Skilgreinið váhrif, ef sýnt hefur verið fram á að aðeins ein leið kemur til greina>.

H373 Veldur hugsanlega skaða á líffærum <eða tilgreina öll marklíffæri ef þau eru þekkt> við langvarandi eða endurtekin váhrif <Skilgreinið váhrif, ef sýnt hefur verið fram á að aðeins ein leið kemur til greina>.

H400 Mjög eitrað vatnalífverum.

H410 Mjög eitrað ef um er að ræða langtímaáhrif á vatnalífverur. H411 Eitrað vatnalífverum með langvarandi eiturhrifum. H412 Skaðlegt vatnalífverum með langvarandi eiturhrifum.

H413 Veldur hugsanlega langvarandi skaðlegum áhrifum á vatnalífverur.